

SHALDÖR  
skoðun 12




2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Græddu á gulli  
á Grand Hótel

Í dag frá kl 11:00 til 19:00

Upplýsingar og tímapantanir,  
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupungull.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

7. maí 2012  
106. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeim tölukörnum Capacent Gallup í maí - mars 2012

## Hefur sama slagkraft

Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson kom út á þessum degi fyrir 20 árum.

tímamót 16



## Gerir mynd um einelti

Útskriftarverkefni Hauks Hrafnssonar frá Polish National Filmschool fjallar um einelti.

fólk 30




## Nýliðarnir unnu

Pepsi-deild karla fór af stað á ný í gær. Nýliðarnir unnu en meistarnir gerðu jafntefli á heimavelli.

sport 26

## veðrið í dag



STÖKU ÉL Í dag verður víðast hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum og stöku el NA-til en annars víða bjart veður. Hiti 0-8 stig.

VEÐUR 4

# Koma böndum á smálánin

Fyrirtækjum sem veita smálán hefur fjölgað úr tveimur í fimm. Þrjú fyrirtæki bjóða allt að 100 þúsund króna lán. Brynt að lög um neytendalán verði samþykkt til að koma böndum á smálánin segir ráðherra.

**FIJÁRMÁL** Þrjú ný smálánafyrirtæki hafa tekið til starfa á síðustu mánuðum og bítast nú fimm fyrirtæki um markaðinn. Nýju fyrirtækin bjóða hærri fjárhæðir til láns en þau sem fyrir voru.

„Við teljum mjög mikilvægt að koma böndum á þetta þannig að það sé öllum ljóst á hvaða kjörum þessi lán séu og hvaða réttarstöðu menn hafa,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Lagafrumvarp Steingríms um neytendalán liggur nú fyrir Alþingi. Þar eru smálánin felld undir neytendalán í lögum, sem setur fyrirtækjum sem veita slík lán ítarleg skilyrði fyrir lánveitingunum.

Steingrímur segir þetta vænlegasta kostinn til að taka á starfsemi smálánafyrirtækjanna. Samkvæmt

Við teljum mjög mikilvægt að koma böndum á þetta þannig að það sé öllum ljóst á hvaða kjörum þessi lán séu og hvaða réttarstöðu menn hafa.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON  
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA.

frumvarpinu mun Neytendastofa hafa eftirlit með lánafyrirtækjunum.

Starfsemi þeirra hefur verið harðlega gagnrýnd frá því þau fyrstu tóku til starfa árið 2009. Í umsögn velferðarvaktarinnar, sem starfar á vegum velferðarráðuneytisins, um frumvarp Steingríms, segir að illa sett fólk sé sérstaklega berskjaldað fyrir markaðssetningu fyrirtækjanna og vextir séu gríðarlega háir.

Í umsögninni segir að réttlæta

megi að banna slík lán með öllu. Steingrímur segist ekki vilja ganga svo langt.

„Ég held að það sé vænlegast að taka á þessu þannig að fella þetta undir lög um neytendalán. Svo getur maður velt því fyrir sér hversu ábatasamt það verður þá,“ segir Steingrímur.

Hann segist vonast til þess að frumvarpið verði rætt á Alþingi í vikunni. Mikill áhugi sé á því í þinginu að það nái fram að ganga sem fyrst.

Tvö elstu smálánafyrirtækin, Kredia og Hraðpeningar, hafa frá upphafi lánað allt að 40 þúsund krónur í einu. Þrjú ný fyrirtæki hafa nú tekið til starfa, og bjóða þau öll upp á allt að 100 þúsund króna lán. Tvö þeirra, fyrirtækin Smálán og 1909, eru raunar tengd Kredia annars vegar og Hraðpeningum hins vegar. Það þriðja, Múla, er þeim ótengt, en það lánar einnig allt að 100 þúsund krónur.

Óskar Stefánsson, rekstrarstjóri Hraðpeninga, segir 1909 hafa verið stofnað í því skyni að bjóða neytendum annað lánafyrirkomulagi en þekkt hafi á smálánamarkaði og höfða með því til eldri markhóps. 1909 bjóði hærri lán, fleiri lánamöguleika og meiri sveigjanleika í greiðslum en Hraðpeningar.

- bj, mþl



**FÖGNUM** Vilhelm G. Bergsveinsson fyrirlíði lyftir hér bikarnum við gríðarlegan fögnuð HK-manna í Kaplakrika í gær. Þetta er í fyrsta sinn sem HK-ingar hampa Íslandsmeistarátitlinum í handbolta karla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söguleg stund í handbolta:

## HK meistari í fyrsta sinn

**HANDBOLTI** HK tryggði sér Íslandsmeistarátitlinum í handbolta karla í gær þegar liðið lagði FH að velli, 28-26, í Kaplakrika. HK vann úrslitaeinvígið 3-0. Liðið tapaði ekki leik í úrslitakeppninni því í undanúrslitum vann það hitt Hafnarfjarðarliðið, Hauka, einnig í þremur leikjum.

„Við settum okkur það markmið að verða Íslandsmeistarar,“ sagði Kristinn Guðmundsson, annar þjálfara HK. „Mig óraði fyrir þessu en að þetta hafi gerst á þennan hátt er magnað.“

FH-ingar byrjuðu leikinn betur í gær en eins og svo oft áður í úrslitakeppninni var varnarleikur og markvarsla HK góð.

Markvörðurinn Arnór Freyr Stefánsson fór á kostum í gær og varði oft á ótrúlegan hátt. Alls varði hann 21 skot, þar af eitt vítakast. - kh, esá / sjá síðu 24

Róttækir smáflokkar styrkja stöðu sína á gríska þinginu eftir kosningar í gær:

## Nýnasistar fá tuttugu menn

**GRIKKLAND** Nýnasistaflokkurinn Gyllt dögum hlaut tæp sjö prósent atkvæða í þingkosningunum í Grikklandi í gær. Þetta skilar flokknum um það bil 20 mönnum inn á þing, en flokkurinn hefur ekki haft fulltrúa á þingi í nærri 40 ár.

Nýnasistarnir njóta þess að kjósendur greiddu róttækum jafnarflokkum atkvæði sitt frekar en stóru flokkunum tveimur, sem skipst hafa á um að fara með völd í landinu síðustu áratugin.

Hægri flokkurinn Nýtt lýðræði hlaut rúmlega 20 prósent atkvæða en sósíaldemókrataflokkurinn PASOK ekki nema tæp 14 prósent. Bandalag röt-

tækra vinstriflokka fékk næstflest atkvæði, eða tæp 16 prósent.

Nikolaos Michaloliakos, leiðtogi nýnasistaflokksins, stæði sig óspart af sigrinum: „Þeir ófrægðu okkur, ótuðu okkur auri og útilokuðu okkur frá öllum fréttamiðlum, sjónvarpsrásum spilltu valdaklíkunnar, og við unnum samt sigur á þeim,“ sagði hann.

Flokkurinn hefur einkum barist gegn innflytjendum og félagar í honum hafa gengið um í hópum svartklæddir og haft í hótunum við útlendinga. - gb / sjá síðu 4

MÍA  
KORTER  
www.forlagid.is

Skagfirskur sveitabiti  
Mýksti brauðosturinn á markaðnum.  
Fáanlegur 26% og 17%.  
NÝJUNG

SÉRVERKEFNI  
• Teppahreinsun  
• Steintepparþrif  
• Parkethreinsun  
• Bónvinna  
www.iss.is



Friðrik, hefði ekki verið þægilegra að vera Benny eða Björn?

„Nei, varla, og svo er líka miklu skemmtilegra að vera Frída. Hún er svo hress og tilkippileg.“

Stórsöngvarinn Friðrik Ómar skellti sér í gervi Fríðu á ABBA-tónleikum í Höfi um helgina. Hann sagði búninginn frekar óþægilegan.



TVEIR SAKBORNINGANNA Walid bin Attash og Khalid Sheikh Mohammed í réttarsal. NORDICPHOTOS/AFP

Réttarhöld í Guantanamo:

## Réttarhöldin verða tímafrek

**BANDARÍKIN, AP** Þótt formlegar ákæru hafi verið birtar fimm fögum í Guantanamo-búðum Bandaríkjahers á laugardag er ekki reiknað með að efnisleg réttarhöld hefjist fyrr en vorið 2013, og líklegt að þau standi yfir árum saman.

„Þetta á eftir að taka tíma,“ sagði aðalsaksóknari hersins, Mark Martins herforingi. Hann reiknar með holskeflu af kröfum og beiðnum frá verjendum sakborninganna: „Við viljum að þeir skjóti öllu sem þeir geta skotið á okkur,“ segir Martins.

Sakborningarnir fimm virtu dómnefndina ekki viðlits þegar þeir mættu á laugardag og svörðu ákærunum engu. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Mikið um ölvunarakstur

Sex ökumenn voru stöðvaðir um helgina vegna gruns um ölvunarakstur. Þá gistu átta fangageymslu vegna ýmissa brota.

### Slasaður eftir slagsmál

Einn var fluttur á slýsadeild aðfaranótt sunnudags eftir slagsmál. Maðurinn reyndist lítið slasaður en gerandinn er enn ófundinn.

Um 20 milljónir króna hafa safnast í söfnun UNICEF á Íslandi fyrir Sahel-svæðið:

## Senda þakki frá Búrkína Fasó

**HJÁLPARSTARF** Starfsfólk UNICEF í Búrkína Fasó sendi þakklætiskveðjur til Íslands á dögunum, en söfnun hér á landi til hjálpar nauðstöddum á Sahel-svæðinu hefur gengið afar vel. Um 20 milljónir króna hafa safnast frá yfir sjö þúsund Íslendingum.

Næri 100.000 börn í Búrkína Fasó eiga á hættu að þjást af völdum alvarlegrar vannæringar, en UNICEF styður 52 næringarmiðstöðvar vítt og breitt um landið þar sem vannæring börn fá meðhöndlun.

Í tilkynningu frá UNICEF er



**ÞAKKLÆTI** UNICEF á Íslandi barst á dögunum þessi mynd frá starfsfólki samtakanna í Búrkína Fasó. MYND/UNICEF

haft eftir Sylvana Nzirorera, sem er yfirmaður samtakanna, að neyðaraðgerðir UNICEF á svæð-

inu skipti sköpum. „Neyðin er gríðarleg og hér í Búrkína Fasó sé ég hversu miklu máli hvert framlag getur skipt,“ segir hún.

„Starfsfólk UNICEF vinnur nótt sem nýtan dag að því að mæta sívaxandi neyð barna á Sahel-svæðinu. En allt okkar starf byggist á frjálsum framlögum. Þess vegna skiptir hinn mikli stuðningur frá almenningi á Íslandi svo miklu máli. Ég get fullvissað fólk á Íslandi um að framlögin munu koma að gagni og nýtast vel,“ segir hún enn fremur. Enn er hægt að leggja málefnið lið. - þj

Handtekinn með byssu:

## Með byssu á skemmtistað

**LÖGREGLUMÁL** Maður var handtekinn aðfaranótt sunnudags er hann dró upp skammbyssu inni á veitingastaðnum Goldfinger í Kópavogi.

Dyraverðir náðu að afvopna manninn og halda honum þar til lögregla mætti á svæðið.

Maðurinn var undir áhrifum áfengis er atvikið átti sér stað og í ljós kom að skammbyssan var óhlaðin.

Maðurinn var færður í fangaeymslu og yfirheyrður í gær. - sm

# Kirkjuráð í samstarf um miðaldakirkju

Kirkjuráð hefur samþykkt að ganga til samstarfs um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti. Að lokinni deiliskipulagsvinnu verður hægt að þróa og kynna hugmyndir að útliti hússins. Kirkjan mun ekki leggja fjármuni til verkefnisins.

**ÞJÓDKIRKJAN** Kirkjuráð ákvað á síðasta fundi sínum að ganga til samstarfs um endurreisn miðaldadómkirkju í Skálholti, en hugmynd þess efnis var kynnt á kirkjuþingi í nóvember síðastliðnum.

Hugmyndir aðstandenda gera ráð fyrir að kirkjan verði sjálfstætt menningar- og sýningarhús og muni auka enn gildi Skálholts sem viðkomustaðar ferðamanna.

Kirkjuráð samþykkti á fundinum, sem var haldinn fyrir rúmri viku, að vinna skuli deiliskipulag fyrir Skálholt þar sem gert verði ráð fyrir miðaldadómkirkju. Hún skuli þó staðsett „þannig að vel fari“.

Þá verði mynduð sjálfseignarstofnun um eignarhald á kirkjunni, skilyrði er að kostnaðaráætlanir og fjármögnun stofnkostnaðar liggi fyrir áður en samþykkt verði að fara út í verklegar framkvæmdir. Loks tekur Kirkjuráð fram að kirkjan muni ekki taka fjárhagslegan þátt í verkefninu og beri ekki áhættu af því að öðru leyti en því að kosta gerð deiliskipulags.

Guðjón Arngrímsson upplýsingafulltrúi Icelandair er einn af aðstandendum verkefnisins, en hann segir í samtali við Fréttablaðið að ánægjulegt sé að þetta skref hafi verið tekið. Margt sé þó enn óunnið.

„Þessi samþykkt er staðfesting á því að halda eigi þessari vinnu áfram. Nú munum við fá að verk-



**MIÐALDAKIRKJA** Kirkjuráð mun taka þátt í undirbúningi endurreisnar miðaldakirkju við Skálholt. Hugmyndir að útliti kirkjunnar byggja á fornleifarannsóknunum.

## Hugmyndir á grunni rannsókna:

- Fyrstu hugmyndir að fyrirhugaðri kirkju byggja á rannsóknum Kristjáns Eldjárns og Harðar Ágústssonar byggingarsögufræðings á fornleifum. Samkvæmt teikningum þeirra var miðaldakirkjan sem endurbýggja á, byggð úr timbri, tæplega 50 metra löng, tólf metra breið og fjórtán metra há.
- Grunnflötur kirkjunnar verður um 600 fermetrar
- Þegar verkefnið var kynnt í nóvember var áætlað að stofnkostnaður verkefnisins yrði um 530 milljónir króna.

efninu fagfólk á ýmsum sviðum, svo sem byggingasögu og arkitektúr, en það er töluverð vinna eftir þar til ákveðið verður hvort byggingin ris.“

Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti segir næsta skref í málinu vera að breyta deiliskipulagi fyrir Skálholt.

„Það lá fyrir að það þurfti að fara í breytingar á deiliskipulagi af ýmsum ástæðum, en stærsta spurningin er að sjálfsgöðu hvar byggingin verði staðsett. Í deiliskipulagsvinnunni verður gerð tilgáta, jafnvel fleiri en ein, svo fer þetta í eðlilegt ferli þar sem kallað

verður eftir viðbrögðum við hugmyndinni. Málið er þess vegna að segja má enn á byrjunarreit, en nú getur vinnan hafist.“

Kristján segir lykilmál að sátt náist um fyrirhugaða byggingu. „Langflestir sem eru komnir til vits og ára hafa skoðun á því hvað á að vera í Skálholti og ekki, þannig að það þarf að vera breið samstaða um allt sem ákveðið er.“

Ekki liggja enn fyrir endanlegar teikningar af kirkjunni, en Kristján segir væntanlega útfærslu munu haldast í hendur við skipulagsvinnuna og ekki skýrast fyrr en tillögur úr þeirri vinnu liggja fyrir. thorgils@frettabladid.is



**TOGAST Á VIÐ LÖGREGLU** Mótmælin snerust að hluta upp í átök. NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmargir handteknir:

## Tugir þúsunda mótmæla Pútín

**RÚSSLAND, AP** Að minnsta kosti tuttugu þúsund manns tóku þátt í mótmælafundi gegn Vladímír Pútín í Moskvu í gær, daginn áður enn hann tekur formlega við forsetaembættinu.

Mótmælin snerust að hluta upp í átök við lögreglu eftir að hluti hópsins reyndi að fara aðra leið en yfirvöld höfðu samþykkt. Tugir manna voru handteknir, þar á meðal nokkrir af leiðtogum mótmælanna.

Pútín vann sigur í forsetakosningum í mars, eftir að hafa setið hjá í eitt kjörtímabil meðan Dmitrí Medvedev gegndi forsetaembættinu. - gb

Skorað á alþingismenn:

## Vilja stækkun á Þorlákshöfn

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Ölfuss skorar á þingmenn suðvesturkjördæmis að leggja fram þingsályktunartillögu um að meta þjóðhagslega hagkvæmni stórskipahafnar í Þorlákshöfn annars vegar og á Faxaflóasvæðinu hins vegar.

„Uppbygging stórskipahafnar í Þorlákshöfn er nauðsynleg fyrir frekari atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi,“ segir bæjarstjórnin. „Líklegt er að vaxandi fjöldi skemmtiferðaskipa muni sækja til Þorlákshafnar. Hafnartengd starfsemi mun vaxa og ýmis léttaðnið með útflutningstengda starfsemi leita til Suðurlands.“ - gar

Sala á Álfinum, megin fjáröflunarverkefni SÁÁ, hefst af fullum krafti í dag:

## Byggja barna- og fjölskyldudeild

**SAMFÉLAGSMÁL** Félagsleg staða ungs fólks sem kemur úr meðferð hjá SÁÁ er mun lakari nú en fyrr á árum. SÁÁ ætlar að mæta þessari þörf með stórátaki sem hefst með sölu á Álfinum í dag. SÁÁ segir Álfasölu vera mikilsverðasta þáttinn í fjáröflun samtakanna.

Þá hefur líka komið í ljós í nýlegum rannsóknum SÁÁ hversu mikil fjölskyldulægni er í áfengis- og vímuefnasýki. Meginverkefni Álfisins á næstunni verður að byggja upp sérstaka barna- og fjölskyldudeild sem styðja mun við endurreisn fjölskyldna sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.

Sala á Álfinum hófst árið 1990 og hafa hreinar tekjur samtakanna vegna hans verið 430 milljónir. Þessir fjármunir hafa til dæmis staðið undir uppbyggingu unglingadeildarinnar að Vogu og starfsemi fjölskyldumeðferðarinnar. - kh/sm



**ÁLFURINN FYRIR ALLA** Sala á Álfinum hefst í dag. Þessir kátu krakkar eru á meðal þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða frá hinum ýmsu íþróttafélögum er leggja SÁÁ lið með sölu á Álfinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fáðu lánuð heyrnartæki og finndu muninn



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

ÓKEYPIS HEYRNAR- MÆLING!

# Vertu í góðu sambandi í allt sumar með Nova!

Nettengdu  
fartölvuna með  
3G pung frá Nova  
eða iPad-inn með  
Nova símkorti



3G internet – 1 GB netnotkun

990 kr. / mán.

Fyrir pung eða iPad.

Nova 3G pungur

6.990 kr.

Gildir með 3G internet áskrift  
og frelsi hjá Nova.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

## GENGIÐ 04.05.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,73	124,33
Sterlingspund	200,24	201,22
Evra	162,40	163,30
Dönsk króna	21,831	21,959
Norsk króna	21,469	21,595
Svænsk króna	18,246	18,352
Japanskt jen	1,5412	1,5502

SDR 191,16 192,30

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,6418

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



Á STRANDSTAÐ Á þessari mynd sést hvar Fernanda er strand utan við inn-siglinguna.

MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Strand við Sandgerðishöfn:

## Fernanda slapp án mikils tjóns

**SANDGERÐI** Flutningaskipið Fernanda, sem tók niðri við inn-siglinguna í Sandgerðishöfn á laugardagsmorgun, losnaði af strandstað síðar sama dag án teljandi skemmda.

Svo virðist sem skipið hafi komið á of mikilli ferð inn að hafnarmynninu og ekki náð beygjunni inn í höfnina, en að því er fram kom á Vísu.is í gær kom ekkert saknæmt í ljós við skýrslutöku lögreglu.

Rannsókn Rannsóknarnefndar sjóslysa er enn á byrjunarstigi og ekki liggur enn fyrir hvað olli slysinu.

- þj

Kosningar í Serbíu:

## Nikolic etur kappi við Tadic

**SERBÍA, AP** Boris Tadic Serbíu-forseti og mótherji hans, Tomislav Nikolic, þurfa að etja kappi í seinni umferð forsetakosninga eftir tvær vikur.

Þeir tveir fengu flest atkvæði í fyrri umferð kosninganna í gær, en hvorugur náði 50 prósentum atkvæða. Tadic stýður aðildarum-sókn Serbíu að Evrópusambandinu en Nikolic er andvígur aðild.

Fyrstu tölur úr þingkosningum bentu til þess að Evrópusinnar geti myndað ríkisstjórn.

- gb

4

Enginn flokkur fékk meira en 20 prósent atkvæða í þingkosningum í Grikklandi í gær:

# Stóru flokkunum refsað fyrir niðurskurð

**GRIKKLAND, AP** Erfitt er að sjá hvaða flokka Antonis Samaras, leiðtogi hægrimanna, getur fengið til liðs við sig í stjórnarmyndunarviðræður í Grikklandi, nú þegar báðum stóru flokkunum hefur verið refsað fyrir að hafa innleitt strangar aðhaldsaðgerðir.

Þegar talning atkvæða var langt komin hafði flokkur hans, Nýtt lýðræði, fengið rúmlega 20 prósent atkvæða, en sósíalístaflokkurinn PASOK var komin með tæplega 14 prósent. Þessir tveir flokkar hafa síðustu áratugi skipst á um að vera við völd í landinu.

Þeir fengu að þessu sinni samtals ekki nema um það bil 35 prósent atkvæða, en þeir eru engu að síður saman með um helming þingmanna. Ástæða þess er sú regla í stjórnskipun Grikklands, að sá flokkur sem flest atkvæði fær hlýtur 50 þingmenn aukreitís. Þessi regla er til þess ætluð að auðvelda myndum meirihlutastjórnar eins flokks.

Flokkarnir tveir, sem hafa setið saman í bráðabirgðastjórn síðan í haust og samið við bæði Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um fjárhagsaðstoð, hafa

þó frá fornu fari lítinn áhuga á að starfa saman.

Þeir vilja nú báðir draga í land og knýja fram breytingar á skilmálum fjárhagsaðstoðarinnar frá ESB og AGS, en geta vart myndað stjórn án þess að fá þriðja flokkinn í lið með sér.

Næststærsti flokkurinn á þingi verður hins vegar Syriza, bandalag róttækra vinstriflokka, sem fær tæplega 16 prósent atkvæða. Sá flokkur hefur, eins og aðrir flokkar sem náðu manni á þing í gær, lýst yfir harðri andstöðu við niðurskurðinn.

- gb



NASISTAR FAGNA Gyllt dögum, flokkur nýnásista, nær um 20 mönnum á þing.

NORDICPHOTOS/AFP

# Hollande kosinn til valda í Frakklandi

Mikill fögnuður braust út meðal stuðningsmanna forsetaframbjóðanda Sósíalístaflokksins þegar úrslit forsetakosninganna voru ljós. Francois Hollande vann sigur í seinni umferð kosninganna en Sarkozy þarf að finna sér annað að gera.

**FRAKKLAND, AP** „Evrópa fylgist með okkur,“ sagði sósíaldemókratinn Francois Hollande þegar hann lýsti yfir sigri í forsetakosningunum í Frakklandi í gær. „Aðhald getur ekki lengur verið eina leiðin.“

Hann hlaut um 52 prósent atkvæða en hægri maðurinn Nicolas Sarkozy um 48 prósent. Sarkozy er fyrsti forseti Frakklands sem tapar þingkosningum eftir aðeins eitt kjörtímabil í embætti. Hollande er fyrsti fulltrúi vinstri manna í forsetaembættinu frá því Francois Mitterand, þáverandi leiðtogi Sósíalístaflokksins, lét af embætti árið 1995.

„Ég ber ábyrgðina á þessum ósigri,“ sagði Sarkozy þegar hann viðurkendi ósigur sinn og óskaði Hollande til hamingju. „Ég lagði mig fram af öllum krafti en mér tókst ekki að sannfæra meirihluta landsmanna.“

Hann segist hafa hringt í Hollande og óskað honum velfarnaðar í starfinu.

Erfiðasta verkefni Hollandes, til að byrja með í það minnsta, verður glíma við Angelu Merkel Þýskalandskanslara. Hollande vill að gerðar verði veigamiklar breytingar á nokkurra vikna gömlum samningi Evrópusambandsríkjanna um fjárlagabandalag, sem Sarkozy og Merkel börðust hart fyrir og á að draga verulega úr hættunni á sams konar fjármálakreppu og ríkt hefur undanfarið.

Hollande ætlar því láta það verða eitt af fyrstu verkum sínum í embætti að halda til Berlínar á fund við Merkel.



HOLLANDE FAGNAR SIGRI Sósíaldemókratinn Francois Hollande verður næsti forseti Frakklands.

NORDICPHOTOS/AFP

Einnig hefur Hollande heitið því að auka ríkisútgjöld á ýmsum sviðum, og styrkja stöðu þeirra sem minnst mega sín í þeim efnahagsörðugleikum sem fram undan eru. Meðal annars ætlar hann að snúa að hluta við þeim breytingum sem Sarkozy gerði á eftirlaunaaldri og gefa fólki kost á að komast á eftirlaun við 60 ára aldur í stað 62 ára.

Þá er Hollande fylgjandi því að líknardráp verði heimilað. Einnig

vill hann að hjónabönd samkynhneigðra verði leyfð í Frakklandi.

Stuðningsmenn Sarkozy eru engan veginn ánægðir með þessi áform og telja að Hollande muni rústa þeim árangri, sem náðst hefur í efnahagsmálum: „Við ætlum að kalla Frakkland hið nýja Grikkland,“ segir Laetitia Barone, nítján ára aðdáandi Sarkozy. „Hollande er nú mjög hættulegur.“

gudsteinn@frettabladid.is

Sértryggt skuldabréf:

## Íslandsbanki stækkar skuldabréfaflokka

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur lokið útbóði vegna stækkunar á tveimur flokkum sértrygðra skuldabréfa sem teknir voru til viðskipta í Kauphöllinni í mars síðastliðnum.

Annars vegar var 7 ára útgáfa bankans stækkuð um 635 milljónir króna á ávöxtunarkröfunni 2,90 prósent. Hins vegar var 12 ára útgáfa bankans stækkuð um 850 milljónir á ávöxtunarkröfunni 3,48 prósent.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá Íslandsbanka voru bréfin seld til breiðs hóps fagfjárfesta en alls bárust tilboð fyrir 2,185 milljarða.

Að baki skuldabréfinu stendur tryggingasafn sem skal standast sérstök vikuleg álagspróf með tilliti til vaxta og gengis gjaldmiðla.

- mpj

Ný verslun á Smáratorgi:

## Sports Direct opnar í sumar

**VIÐSKIPTI** Breska íþróttavöruekjan Sports Direct áformar að opna verslun á Smáratorgi í Kópavogi í sumar. Sports Direct er ein stærsta íþróttavöruekja Bretlands með um 400 verslanir.

Sigurður Pálmi Sigurbjörns-son, framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi, segir í samtali við Fréttablaðið að undirbúningur hafi staðið í nokkur ár, en nú sé stefnt að því að opna 1100 fermetra verslun snemma sumars.

Sigurður Pálmi, ásamt Jeff Blue og móðurfélagi Sports Direct, hyggur á að opna fleiri verslanir á Norðurlöndunum á næstunni.

- þj



**B Ó K A B Ú Ð**  
FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA

kl. 10–18

OG LAUGARDAGA

kl. 10–14

**FORLAGIÐ**

Kaffi á könnunni og næg bílastæði

### VEÐURSPÁ



**Elisabet Margeisdóttir**  
veður-fréttamaður



#### HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	21°
Berlín	14°
Billund	13°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	23°
London	14°
Mallorca	21°
New York	19°
Orlando	31°
Ósló	13°
París	17°
San Francisco	23°
Stokkholmur	11°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

**LITLAR BREYTINGAR** Það verður hæg norðlæg átt á landinu áfram næstu daga og heldur svalt í veðri einkum norðan og austan til. Á fimmtudag snýr hann sér í suðvestanátt með meiri hlýindum.

**PRÍÐJU- OG MIDVIKUDAGUR** Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR** 3-10 m/s.



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

AÐ MEÐALTALI TEKUR MAÐUR 227 PRÓF FYRIR ÞRÍTUGT.



NÝR AVENSIS HEFUR NÁÐ SVO MÖRGUM PRÓFUM  
AÐ HANN ER NÁNAST PRÓFESSOR.

### NÝR AVENSIS - EKKERT VENJULEGUR

Nýr Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar öikumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hjóðláttri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km í blönduðum akstri. Þá er nýr Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 4.420.000 kr.



**Toyota Kópavogi**  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogi  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Ert þú sátt(ur) við að Huang Nubo fái að leigja Grímsstaði á Fjöllum til 40 ára?

JÁ	59,3%
NEI	40,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Reykir þú, eða hefur þú einhverntíma reykt?

Segðu þína skoðun á visir.is



## Miklar framkvæmdir fyrirhugaðar í endurnýjun sundlauga Reykjavíkurborgar: Milljarður í endurbætur lauga

**REYKJAVÍK** Gert er ráð fyrir einum milljarði króna í fjárframlög Reykjavíkurborgar til endurbóta á sundlaugum borgarinnar næstu þrjú árin. Meðal verkefna sem unnið verður að á þessu ári eru ný leiktæki við sundlaugarnar, heitir pottar, endurgerð búningsaðstöðu, eimböð og almennar viðgerðir.

Borgarráð samþykkti á síðasta fundi sínum sérstakt átaksverkefni sem gerir ráð fyrir 500 milljónum króna framlagi í endurbætur lauganna í ár, 400 milljónum á næsta ári og 70 milljónum árið 2014.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir í tilkynningu að með verkefninu komi saman áhersla á atvinnumál og mannaflsrek verkefni og áhersla á laugararnar sem mega vel við viðhaldi.

„Við erum líka að gera vel við laugararnar því fáir staðir eru eins eftirsóttir af ferðafólki og síðast en ekki síst eru sundlaugarnar risastórt lýðheilsu- og lífshæðis mál fyrir Reykjavíklinga á öllum aldri,“ segir Dagur. Endurnýjun sundlauganna sé ein aðaláhersla framkvæmda-áætlunar borgarinnar.

- SV



**ENDURBÆTT LAUGARDALS LAUG** Endurnýjun á Laugardalslaug er komin vel á veg og hefur mælst vel fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hjólreiðamaður slasaðist: Björgun gekk hratt og vel

**SLYS** Björgunarsveitarmenn komu manni til aðstoðar í gær er hafði dottið af hjóli í Reykjadal norður af Hveragerði. Maðurinn var ekki alvarlega slasaður en þurfti aðstoð við að komast til byggða og hringdi sjálfur eftir hjálp.

Töluverðan mannskap þurfti til verksins þar sem böruburður í fjallendi þykir afar erfiður og tóku alls fjórar björgunarsveitir á Suðurlandi þátt í aðgerðinni sem gekk greiðlega. Það tók björgunarsveitarmenn um klukkustund að koma manninum til byggða.

- SM

### Aðalsafnaðarfundur Frikirkjunnar í Reykjavík

Verður haldinn í Frikirkjunni mánudaginn 14. maí kl. 20.00

**Dagskrá:**

1. Skýrsla safnaðarráðs.
2. Skýrsla forstöðumanns/Frikirkjuprests.
3. Reikningar safnaðarins lagðir fram.
4. Kosning í safnaðarráð og trúnaðarstörf.
5. Önnur mál.

Safnaðarráð.

# Engin undanþága fyrr en ráðherra fær svör

Iðnaðarráðherra vill svör frá Huang Nubo um umhverfismál og skipulagsmál áður en tekin verður ákvörðun um hvort hann fær að leigja Grímsstaði á Fjöllum. Ekki búið að stofna íslenskt félag Huangs sem gera þarf samning við ríkið.

**VIÐSKIPTI** Félag kínverska athafnamannsins Huangs Nubo þarf að veita starfandi iðnaðarráðherra svör um umhverfis- og skipulagsmál áður en hún getur tekið ákvörðun um hvort félagið fær undanþágu til að leigja land á Grímsstöðum á Fjöllum.

„Ég verð að fara yfir málið og skoða alla þætti þess,“ segir Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra og starfandi iðnaðarráðherra. Hún vill meðal annars upplýsingar um leigusamning sem Huang hyggst gera við félag í eigu sveitarfélaga á svæðinu, um skipulagsmál og umhverfismál í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu.

Oddný kynnti ríkisstjórninni fyrir helgi niðurstöðu nefndar um ívilnanir vegna nýfjárfestinga, sem fjallað hefur um ósk Huangs um að fá að leigja jörðina Grímsstaði á Fjöllum og reisa þar hótél. Nefndin leggur til að gerður verði fjárfestingasamningur við félag Huangs. Í slíkum samningi myndi felast undanþága sem félag í eigu erlends aðila þarf til að geta leigt jörðina. Oddný bendir á að gera þurfi samninginn við íslenskt félag í eigu Huangs, og það félag hafi ekki enn verið stofnað.

„Ég geri ráð fyrir því að aðstandendur þessa félags hafi samband við okkur í iðnaðarráðuneytinu til að fara yfir aðra þætti þessa verkefnis og hvernig þeir spila saman við fjárfestingasamninginn,“ segir Oddný.

Hún fagnar því að ívilnunarnefndin telji öll skilyrði fyrir gerð



**UPPBYGGING** Kínverski athafnamaðurinn Huang Nubo ætlar að byggja allt að 100 herbergja fimm stjörnu hótél á Grímsstöðum á Fjöllum og bjóða upp á ýmsa ferðatengda þjónustu á jörðinni.

„Ég held að ráðherra geti ekki farið gegn niðurstöðu þessarar fagnefndar.“

**HALLDÓR JÓHANSSON**  
UMBODSMAÐUR HUANGS NUBO

samnings uppfyllt. „Við erum að sækjast eftir erlendra fjárfestingu og erlendu fjármagni inn í landið,“ segir Oddný.

„Við eigum von á að fá gögn frá ráðuneytinu varðandi samning á næstu dögum,“ segir Halldór Jóhannsson, umboðsmaður Huangs hér á landi. Hann segir ljóst að öll skilyrði sem ívilnunarnefndin hafi fjallað um hafi verið uppfyllt, og málið muni vonandi skýrast á næstu dögum.

„Ég held að ráðherra geti ekki farið gegn niðurstöðu þessarar fagnefndar,“ segir Halldór. Hann segir enga ástæðu til að ætla að slíkt standi til, og að málið sé í réttum farvegi hjá stjórnvöldum.

Til að fyrirhuguð uppbygging á svæðinu geti hafist þarf Huang að gera fjárfestingarsamning til tíu ára við ríkið.

Félag sem sveitarfélög á svæðinu hafa stofnað þurfa að auki að kaupa landið og leigja Huang það. Til stendur að leigan á landinu verði til 40 ára.

Haldór segir að náist þetta í gegn verði strax farið að huga að hönnun og skipulagi á svæðinu. Hann segir að ólíklegt sé að verklegar framkvæmdir geti hafist á þessu ári, en stefnt sé að því að hefja rekstur hótelsins árið 2016.

brjann@frettabladid.is

Ung einstæð móðir sem kemur úr áfengis- og vímuefnamedferð þarf stuðning til að geta bæði sinnt bata sínum og foreldraskyldum.

**ÁLFAFASALAN 2012**

**Aukin þekking – góð fjárfesting til framtíðar**

Kynntu þér viðskiptafræði með vinnu í Háskóla Íslands. Kynningarfundur þriðjudaginn 8. maí kl. 12:10 í stofu 102 Gimli

www.vmv.hi.is

Visir þú að...  
börn þigartítt á að láta skoðunir sínar í Vei og hafa áhrif

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

SA segja samfélagið verða fyrir miklum kostnaði vegna starfsdaga á leikskólum:

## Kostar samfélagið 4 milljarða

**ATVINNUMÁL** Foreldrar leikskólubarna og atvinnulífið í landinu verða fyrir kostnaði sem nemur fjórum milljörðum króna á ári vegna fjölgunar starfsdaga í leikskólum.

Sveitarfélögin spara sér í heild um það bil 600 milljónir króna við að fjölga starfsdögum úr fimm í sex og er það sjöfalt lægri kostnaður en sá sem lendir á foreldrum. Þetta er mat Samtaka atvinnulífsins (SA).

Í frétt á vef SA kemur fram að áður hafi verið algengt að skipulagsfundir starfsmanna í leikskólum væru haldnir utan vinnutíma og starfsmönnum greidd yfirvinna fyrir fundartímum. Það sé því ákvörðun sveitarfélaganna að

skerða þann þjónustutíma sem foreldrum stendur til boða vegna þessarar skipulagsvinnu.

Að mati SA ríkir veruleg óánægja með núverandi skipan mála, bæði hjá foreldrum barna á leikskólum, í fyrstu bekkjum grunnskóla og í atvinnulífinu. „Í hnotskurn snýst málið um að sveitarfélögin hafa ákveðið að draga úr rekstrarkostnaði sínum og varpa honum yfir á foreldra og atvinnulífið,“ segir í frétt SA. „Það blasir við að þetta er þjóðhagslega mjög óhagkvæmt því sparnaður sveitarfélaganna af lokun leikskólanna á skipulagsdögum er aðeins brot af þeim kostnaði sem foreldrar og atvinnulíf verða fyrir.“

- SV



**LOKAD** Samtök atvinnulífsins gagnrýna ákvörðun sveitarfélaga um að fjölga starfsdögum í leikskólum úr fimm í sex.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Pú finnur kraftinn  
þegar Ljósnetið  
er komið

**Ljósnetið** – kraftmeiri  
tenging fyrir íslensk heimili

Með Ljósnetinu færðu háhraðanettengingu með mikla flutningsgetu. Upp- og niðurhal er mun fljótlegra og möguleikar til fjarvinnu meiri. Þú getur streymt tónlist og kvikmyndum, tengt allt að fimm háskerpu-myndlykla fyrir Sjónvarp Símans og verið með leikjatölvur og önnur nettengd tæki fjölskyldunnar í öruggu sambandi á sama tíma.



Háhraðanet



TV / VOD



Netvarinn



5 myndlyklar

Á [siminn.is](http://siminn.is) sérðu hvort þú getur tengst strax í dag!

**Síminn**

## VEISTU SVARID?



1. Hvar á landinu vill lögreglan fá bát til eftirlits?
2. Hvað eru margir starfsmenn á Bessastöðum fyrir utan forsetann sjálfan?
3. Hvaða knattspyrnumaður hefur verið í gítartímum hjá Mick Rogers, einum af stofnendum Manfred Mann's Earth Band?

## SVÖR

1. Breytast 2. fjórir  
3. Helvar hegnson

Auglýsti eftir týndum hring:

## Skilvís kona afþakkaði laun

**BANDARÍKIN** Bandarísk kona endurheimti á dögnum demantshring sem hún hafði gleymt á veitingastað á Flórída. Hringnum var skilað eftir að konan setti smáauglýsingu í dagblað.

Konan segist hafa tekið af sér hringinn þegar hún þvoði sér um hendurnar á baðherbergi veitingastaðsins.

Tuttugu mínútum seinna uppgötvaði hún að hún hafði gleymt hringnum, en hann var þá horfinn.

Konan hafði samband við lögreglu, einkaspjara og skartgripasala án árangurs og því var auglýst í blaði.

Önnur kona hafði fundið hringinn á salerninu og skilaði honum umsvifalaust. Hún afþakkaði fundarlaun.

- þeb

8

# Nokkur áhugi á ríkisbréfum

Ríkissjóður hefur lokið við annað erlenda skuldabréfaútböð sitt frá hrúni. Bréfin seld með 6% ávöxtunarkröfu. Tilboð bárust fyrir fjórfalda upphæð. Vaxtakostnaður ríkissjóðs hækkar en endurfjármögnunaráhætta lækkar.

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður gekk á fimmtudag frá samningum um útgáfu skuldabréfa upp á einn milljarð Bandaríkjadala, jafngildi tæpra 124 milljarða íslenskra króna. Skuldabréfin eru gefin út til 10 ára og voru seld miðað við 6,0% ávöxtunarkröfu.

„Viðbrögð fjárfesta eru mjög ánægjuleg, eftirspurn er tvisvar sinnum meiri en í síðustu skuldabréfaútgáfu og fjöldi þátttakenda í útböðinu er einnig tvöfalt meiri en þá,“ segir Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra.

Lagst var í útgáfuna nú í þeim tilgangi að endurfjármagna skuldsettan gjaldeyrisforða Seðlabankans. Ríkissjóður hefur markað þá stefnu að standa fyrir reglulegri útgáfu skuldabréfa til að endurfjármagna erlend lán sín og lengja endurgreiðsluferil þeirra. Þá ætti útgáfan að auðvelda aðgang annarra innlendra aðila að alþjóðlegum lánsfjármarkaði þar sem útgáfa ríkissjóðs myndar grunn fyrir lánskjör annarra íslenskra skuldara í erlendum gjaldeyri.

Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna jafngildir 4,0% álagi ofan á bandarísk ríkisbréf. Í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka frá því í gær kemur fram að fyrirfram hafi verið miðað við 6,38%

ávöxtunarkröfu. Útkoman er því nokkru hagstæðari en væntingar stóðu til. Þá segir enn fremur í Morgunkorni að kjörin sé lík þeim kjörum sem bjóðast löndum í svipuðum aðstæðum og Ísland. Þannig búi Lettland og Litháen við um 3,25 til 3,50% álag og Króatía við 4,85% álag. Þá má nefna að Ítalía og Spánn búa við 3,8% og 4,0% álag.

Vaxtakjör nýju skuldabréfanna eru heldur lakari en vaxtakjör á þeim lánnum ríkissjóðs sem falla á gjalddaga á næstu árum, lánnum sem veitt voru í tengslum við samstarfsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þó ber að hafa í huga að þau voru veitt á mun hagstæðari kjörum en hefðu boðist ríkissjóði á markaði á þeim tíma þegar lánin voru tekin.

Í mars síðastliðnum fyrirfram endurgreiddi ríkissjóður lán fyrir svipaða upphæð og nú var tekin. Voru það lán frá AGS og Norðurlöndunum sem voru á gjalddaga á árunum 2014 til 2016. Við þá breytingu sem orðið hefur á erlendu lánasafni ríkissjóðs við útgáfuna nú og endurgreiðsluna í mars hefur árlegur vaxtakostnaður ríkissjóðs hækkad nokkuð en á móti hefur endurfjármögnunaráhætta ríkissjóðs lækkad.

Skuldabréfaútböðið nú er annað erlenda skuldabréfaútböð ríkissjóðs frá bankahrúni en hið fyrra fór fram í júní í fyrra. Þá voru gefin út 5 ára skuldabréf með breytilegum vöxtum og nam áhættuálag á þau skuldabréf 3,2%.

magnusl@frettabladid.is



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna sem seld voru í útböðinu á fimmtudag var nokkru lægri en búist hafði verið við.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## VÖRUR SEM EIGA HEIMA Í ÞÍNU ELDHÚSI




BÓNUS

HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus



# Varahlutir í bíla



  
Framúrskarandi  
fyrirtæki 2011

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



**FORVITIN PANDA** Pandabjörn í Kína skoðar kassa sem notaður er til að flytja pöndur úr dýragörðum og út í náttúruna. NORDICPHOTOS/AFP

## Í kjölfar Evrópusambandsaðildar yrði að endurskoða tvíhliða viðskiptasamninga Íslands: Viðskiptasamningar féllu sennilega niður við aðild

**UTANRÍKISMÁL** Óvíst er hvað verður um tvíhliða viðskiptasamninga sem Ísland hefur gert, gangi landið í Evrópusambandið (ESB). Þó verður að teljast líklegt að framkvæmdastjórn ESB ógildi samningana. Þetta var meðal þess sem fram kom í erindi austurríska lögmannsins Niklas Maydell á opnum fundi Lagastofnunar Háskóla Íslands á fimmtudag.

Maydell benti á að með gildistöku Lissabon-sáttmálans 2009 hefði vald yfir gerð tvíhliða viðskiptasamninga færst frá aðildarríkjunum til leiðtogaáðs ESB.

Íslensk stjórnvöld gætu því eftir inngöngu ekki gert slíka samninga við önnur ríki nema í gegnum ESB.

Maydell sagði ríki ESB um þessar mundir vera að semja um að þeir tvíhliða viðskiptasamningar sem ríkin höfðu gert fyrir gildistöku Lissabon-sáttmálans haldi gildi sínu. Sá fyrirvari yrði þó á að samningarnir mættu ekki ganga í berhög við löggjöf ESB auk þess sem þeir myndu falla niður þegar ESB sem heild hefði gert viðskiptasamning við viðkomandi ríki.

Þar sem Ísland hefði hins vegar ekki verið í ESB fyrir gildistöku

Lissabon-sáttmálans væri líklegt að framkvæmdastjórn ESB myndi ógilda viðskiptasamninga Íslands eftir aðild nema samið yrði um annað í aðildarviðræðunum.

Í nýlegri skýrslu utanríkisráðherra segir að gerð hafi verið greining á áhrifum þess að Ísland fengi aðild að neti fríverslunar-samninga ESB í stað núverandi samninga. „Niðurstaða þeirrar greiningar er að miðað við útflutning undanfarinna ára verði almennt ekki mikil breyting á markaðsaðgangi til þriðju ríkja, komi til aðildar,“ segir þar. - mþl



**NIKLAS MAYDELL** Ísland yrði framvegis að gera viðskiptasamninga í gegnum ESB.

Netanjahú tekur af skarið:

## Kosið til þings í Ísrael í haust

**ÍSRAEL, AP** Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti í gær að boðað verði til kosninga í september næstkomandi, eða ári áður en kjörtímabil þingsins rennur út.

Sem stendur þykir Likud, flokkur Netanjahús, eiga góða möguleika á sigri í þingkosningum. „Með Guðs hjálp munum við mynda eins breiða ríkisstjórn og mögulegt er,“ sagði hann í gær.

Netanjahú hefur verið forsætisráðherra síðan 2009 og nýtur mikils fylgis í Ísrael samkvæmt skoðanakönnunum.

Hann hefur hins vegar sætt gagnrýni undanfarið, meðal annars fyrir að láta ýmis brýn málefni sitja á hakanum meðan orkunni er beint gegn hættunni, sem hann segir stafa af kjarnorkuáformum Írans. - gb

Atvinnuleysi innan Evrópusambandsins er 10,2 prósent að meðaltali:

## 25 milljónir manna án atvinnu

**ATVINNA** Atvinnuleysi í Evrópusambandsríkjunum var 10,2 prósent í mars síðastliðnum, en var 9,4 prósent á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í tölum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Samkvæmt mati hagstofunnar voru tæpar 25 milljónir manna án atvinnu í Evrópusambandsríkjunum í mars, þar af voru rúmar sautján milljónir manna í löndum á evrusvæðinu.

Fimm og hálf milljón ungs fólks undir 25 ára aldri er án atvinnu í Evrópusambandinu. Þar af eru 3,3 milljónir á evrusvæðinu. Atvinnuleysið er því að meðaltali 22,6 prósent hjá þessum aldurshópi.

Innan Evrópusambandsins er minnst atvinnuleysi í Austurríki, Hollandi, Lúxemborg og Þýskalandi þar sem það er á bilinu 4 til 5,6 prósent. Mest er atvinnuleysið sem fyrr á Spáni, 24,1 prósent. Næstmesta atvinnuleysið er í Grikklandi þar sem 21,7 prósent eru atvinnulaus.

Mestu breytingarnar hafa orðið í Eystrasaltsríkjunum undanfarið ár. Í Litháen hefur atvinnuleysið farið úr 17,5 prósentum í lok 2010 niður í 14,3 prósent í lok 2011. Í Lettlandi fór atvinnuleysi úr 17,1 prósent í 14,6 prósent og í Eistlandi er atvinnuleysið nú 11,7 prósent en var 13,9 prósent fyrir ári. - þeb



**MADRÍÐ** Atvinnuleysi hefur lengi verið vandamál á Spáni og hefur verið efnt til mótmæla vegna þess, meðal annars þeirra sem sjást á myndinni frá því í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Æpandi verð á uppboði:

## Ópið seldist fyrir metfé

**BANDARÍKIN, AP** Verk norska listamannsins Edvards Munch, Ópið, seldist á uppboði í New York á fimmtudag fyrir 119.922.500 dali, andvirði nærri 15 milljarða króna, en það er meiri upphæð en nokkru sinni hefur fengist fyrir listaverk á uppboði.

Munch gerði fjórar útgáfur af verkinu, þar af tvö málverk sem eru í eigu norskra safna. Þessi útgáfa verksins er krítarteikning, sem var í eigu norska auðjöfursins Petters Olsen.

Mikil spennan ríkti í uppboðsalnum þar tólf mínútur, sem boðin stóðu yfir en engar upplýsingar fengust um kaupandann sem hreppti verkið á endanum.

Ópið er eitt þekktasta listaverk heims, gjarnan notað sem táknmynd fyrir örvæntingu nútímamannsins. - gb

# NÚ LÆKKUM VIÐ Í BOTN

## Afmælistilboð: 20% afsláttur af BOSE búnaði

Betri lausnir í 20 ár  
1992-2012



**Heyrnartól BOSE In Ear 2**

Áður 16.900 kr.  
Nú 13.520 kr.

- Einstaklega létt og þægileg heyrnartól
- Henta vel í ræktina eða fyrir afþreyingu og slökun
- Þægileg taska fylgir



**Tölvuhátalarar BOSE Companion 2 II gráir**

Áður 26.990 kr.  
Nú 21.592 kr.

- Frábær hljómur
- Tengi fyrir heyrnartól
- Tveir hljóðinngangar



**BOSE SoundLink þráðlaus ferðahátalari**

Áður 69.900 kr.  
Nú 55.920 kr.

- Lítil og nettur, aðeins 1,3 kg
- Lithium rafhlaða, endist allt að 8 klst. í spílun
- Þráðlaus afpílun með Bluetooth

Nýherji býður **20% afslátt** af völdum vörum í tilefni af 20 ára afmæli sínu. Vikuna 7. – 13. maí bjóðum við afslátt af vönduðum **BOSE** búnaði. Komdu við í verslun **Nýherja Borgartúni** eða á **netverslun.is**.

Tilboðið gildir 7. maí – 13. maí.

**NÝHERJI**



### Electrolux

**EWP-106200 Þvottavél**  
Ný vönduð þvottavél frá Electrolux í A+ orkuflokki. Tekur allt að 6 kg af tauti.

- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullakerfi og handþvottakerfi og teppakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 3/6/9 klst. Ófnæmisskolun möguleg
- ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni & þvottagæði
- ✓ Fullt verð kr 89.900.-



KYNNINGARVERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 20.000



### Electrolux

**ESF-63012 Uppþvottavél**  
Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ An toppplötu
- ✓ Fullt verð kr. 99.900

KYNNINGARVERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 30.000

### exquisit

**KGC-240/70 Kæli- og frystiskápur**  
Hvítur kælskápur með góðum þriggja skúffu frysti

- ✓ 122 lítra kæli og 68 lítra frystir
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD 143 x 55 x 58 cm
- ✓ Fullt verð kr 69.900



GÁMASALA KR.  
**89.900**  
SPARAÐU 30.000



GÁMASALA KR.  
**59.900**  
SPARAÐU 10.000

### Electrolux

**ERB-34233W Kæli- og frystiskápur**  
Stór og góður kælskápur með FreshZone kælihöfði. Orkuflokkur A+.

- ✓ 4 stórar skúffur
- ✓ Hraðfrýsting og sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD 175 x 59,5 x 62 cm
- ✓ Fullt verð kr 119.900

### exquisit

**GS-111 Frystiskápur**  
64 lítra frystiskápur í borðhæð með 3 skúffum. Orkuflokkur A+.

GÁMASALA KR.  
**39.900**  
SPARAÐU 15.000

KYNNINGARVERÐ KR.  
**49.900**  
SPARAÐU 10.000



150 LITRAR

**GT-191 Frystikista**  
150 lítra frystikista í A+ orkuflokki. Breidd 68,5 cm  
Fullt verð kr. 59.900

### exquisit

**COOL-50 Kælskápur**  
Nettur kælskápur í borðhæð með litlu íshólfi.  
Fullt verð kr. 49.900

# GÁMASALA



KYNNINGARVERÐ KR.  
**19.990**  
SPARAÐU 5.000

### AEG

**AJM-6820 JetMaxx Ryksuga**  
Kraftmikil ryksuga með HEPA H12 öragnasiu og 2000W mótör

- ✓ Lengjanlegt rör
- ✓ Sogafl 340W - mótorafl 2000W
- ✓ Parkethaus fylgir
- ✓ Góður vinnuradius
- ✓ S-bag örtrefjapoki 2,5 lítra
- ✓ Jetmaxx pokakarfa tryggir betra loftflæði
- ✓ Fullt verð kr. 24.990



### exquisit

**MW-717 Örbylgjuofn**  
700W örbylgjuofn með snúningsdiski. Affrýsting og 30 mín. klukka

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**11.990**  
GÁMASALA!

### BOSCH

**MUM-4655EU Hrárivel megapakki**  
550W hráriverél með stórum fylgihlutapakka m.a. hakkavél, blandari, grænmetisakeri og fylgihlutageymslu.

- ✓ Getur ráðið við allt að 2,7 kg af brauðdegi
- ✓ Lok með hveitirennu
- ✓ Deigrókur, hráveri og beytari
- ✓ 4 hraðastillingar
- ✓ Fullt verð kr 54.900

KYNNINGARVERÐ KR.  
**39.900**  
SPARAÐU 15.000



KYNNINGARVERÐ KR.  
**99.900**  
SPARAÐU 40.000

### AEG

**BE-3002420M ofn**  
Glænýr ofn með ektu heitum prividdarblæstri sem tryggir bestan mögulegan árangur

- ✓ Tölvuklukka + kjóthitamælir
- ✓ Pizzakerfi og heitur blástur + stórt grill
- ✓ IsoFront kæld öfnhurð með fjórföldu gleri
- ✓ Innfellanlegir stjórnhnappar
- ✓ Fullt verð kr 139.900

KYNNINGARVERÐ KR.  
**89.900**  
SPARAÐU 25.000



### AEG

**HK-634020XB Keramik helluborð**  
Glæsilegt keramik helluborð með XXL hellu.

- ✓ 4 hellur þ.á.m. ein þreföld stækkanleg
- ✓ Snertitakkar, klukka & barnalæsing
- ✓ Fullt verð kr 114.900

# Rafha ehf

Opið virka daga 10-18  
Laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500  
[www.rafha.is](http://www.rafha.is)

Tilboðin gilda t.o.m. 28. maí eða meðan birgðir endast

Á að banna kannanir rétt fyrir kosningar?

## Illa rökstudd delluhugmynd

**I**nýju frumvarpi Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra til breytinga á fjölmiðlalögum er lagt til að fjölmiðlum verði bannað að birta niðurstöður skoðanakannana um fylgi framboðenda daginn fyrir kosningar og á kjördag.

Þetta er rökstutt með því að „skoðanakannanir geti verið skoðanamyndandi fyrir kjósendur“ og vísað til þess að bannið eigi að hjálpa litlum eða nýjum framboðum sem mælast með lítið fylgi rétt fyrir kosningar. „Í slíkum tilvikum geta skoðanakannanir á síðasta degi fyrir kosningar haft þau áhrif að kjósendur velji frekar framboð sem talin eru líklegri, samkvæmt könnunum, til að hljóta sæti t.d. í sveitarstjórn eða á Alþingi,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Í henni er ekki vísað til neinna haldbærra rannsókna, sem sýni fram á þessi tilteknu tengsl skoðanakannana og kosningahegðunar. Það er ekki skrytið, vegna þess að þær eru ekki til. Raunar er gagnstæða tilgáta líka talsvert vinsæl; að framboð sem mælast með lítinn stuðning í könnunum rétt fyrir kosningar fái samúðarfylgi. Stjórn málafræðingar hafa rannsakað báðar tilgátur heilmikið, en hafi einhver tengsl fundizt eru þau í bezta falli afar veik. Engin samstaða er meðal fræðimanna um að skoðanakannanir hafi yfirleitt nokkur áhrif á kosningahegðun.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem sú hugmynd að banna fjölmiðlum að birta niðurstöður skoðanakannana kemur fram þótt hún hafi ekki áður ratað inn í lagafrumvarp. Árið 1991 skilaði nefnd sérfræðinga þáverandi menntamálaráðherra skýrslu, í framhaldi af því að Alþingi ályktaði að kanna ætti hvort ástæða væri til að setja lög um skoðanakannanir. Niðurstaða nefndarinnar var afdráttarlaus; hún varaði beinlínis við því „að banna fólki aðgang að upplýsingum sem það kann að vilja nýta sér til ákvarðanatöku, enda sé ekki um að ræða rangar upplýsingar sem ógni almannaheill“.

Nefndin sagði að hugmyndir eins og þær sem menntamálaráðherra vísar nú til í greinargerð með frumvarpi sínu væru „getsakir sem rannsóknir hafa ekki staðfest“. Og jafnvel þótt tilgátur um áhrif skoðanakannana reyndust réttar, vaknaði sú spurning hvort þau áhrif væru svo óskilleg eða háskaleg að þau ógnuðu almannaheill. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri miklu fremur ógn við almannaheill að setja lög, sem bönnuðu almenningi að afla sér réttra upplýsinga.

Í frumvarpinu eru engin rök færð fyrir því af hverju eigi að banna fjölmiðlum að birta niðurstöður kannana síðustu dagana fyrir kosningar en leyfa aðrar pólitískar fréttir, auglýsingar framboða og annað sem ætla má að veiti fólki upplýsingar um framboðin og hafi þar með áhrif á það hvernig það ráðstafar atkvæði sínu.

Tillaga menntamálaráðherra er svona dæmigerð delluhugmynd, sem er til þess hugsuð að hafa vit fyrir fólki en byggir ekki á neinum vísindalegum grunni. Hún er fyrst og fremst til þess fallin að takmarka frelsi fjölmiðla og hamla aðgangi almennings að upplýsingum. Svoleiðis delluhugmyndir á Alþingi ekki að samþykka.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Í henni er ekki vísað til neinna haldbærra rannsókna, sem sýni fram á þessi tilteknu tengsl skoðanakannana og kosningahegðunar.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ónýtt tækifæri

Komin er fram áætlun um að sveitarstjórnir á Norðausturlandi kaupi stóran hluta af Grímsstöðum á Fjöllum og framleigi jörðina til kínverska fjárfestisins Huangs Nubo. Kaupin yrðu fjármögnuð með fyrirfram greiddri leigu frá Huang. Nú skyldi maður ætla að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra væri ánægður með þetta. Hann gæti jafnvel staðið keikur og lýst yfir fullnaðarsigri; tryggt væri að jörðin yrði áfram í eigu Íslendinga – og ekki bara einhverra Íslendinga; í opinberri eigu. Í stað þess að vera þokkafullur í sigri yfir

því nöldrur Ögmundur yfir, tja yfir einhverju og segir auðfúririnn kínverska hrósa happi yfir því að Ögmundur geti ekki eyðilagt áform sín. Ögmundur virðist misskilja hlutverk sitt og vera í einhverjum persónulegum slag.


#### Hvað með ruðningsáhrifin?

Annars virðist ferðabjónustan vera skrytin atvinnugrein. Hvar annars staðar yrði rætt um 20 milljarða fjárfestingu án þess að velta áhrifum hennar fyrir sér. Hver verða ruðningsáhrifin, hvað verður um önnur fyrirtæki í greininni og svo framvegis.

Ferðabjónusta virðist ekki lúta sömu lögmálum og önnur atvinnustarfsemi.

**Klíkan má sjá um kvótann**  
Þór Saari er einnig ósáttur við hvernig fara á með Grímsstaði og segir brjálæði að „örlítill hópur klíkubræðra í fámennum sveitarstjórnnum geti selt stóran hluta landsins til Kína“. Látum nú vera að það á einmitt ekki að selja landið, heldur leigja það. Umhugsunarfni er að sömu „klíkubræður“ eiga að sjá um úthlutun umtalsverðs magns aflaheimilda, ef hugmyndir Þórs Saari um fiskveiðistjórnun ná fram að ganga.

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Mikill virðisauki í áli

### Áframleiðsla



Þorsteinn Viglundsson  
framkvæmdastjóri Samtaka álfframleiðenda

Ínýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar um Íframlag áliðnaðar til landsframleiðslu á Íslandi kemur fram að beint og óbeint Íframlag áliðnaðar nemur um 90 milljarðum króna á ári hverju. Þetta Íframlag hefur aukinheldur nær tvöfaldað á þeim fjórum árum sem skýrsla Hagfræðistofnunar tekur til.

Níutíu milljarðar króna samsvara um það bil sjö prósentum af landsframleiðslu okkar Íslendinga. Til samanburðar hefur beint og óbeint Íframlag sjávarútvegs til landsframleiðslu verið metið um 17,5 prósent. Íframlag áliðnaðar er því enn sem komið er minna en Íframlag sjávarútvegs, en umtalsvert engu að síður.

Hagfræðistofnun skilgreinir í skýrslu sinni áliðnað, ásamt orkuíðnaði, sem grunnatvinnuveg hér á landi. Grunnatvinnuvegur er hugtak sem lengi hefur verið í mótun innan hagfræðinnar. Slíkur atvinnuvegur er í eðli sínu efnahagslega þýðingarmeiri en umfang hans, þ.e. beinn virðisauki, gefur til kynna þar sem aðrir atvinnuvegir spretta upp vegna hans og eru háðir honum í starfsemi sinni. Fyrir vikið geti Íframlag áliðnaðar talist viðbót við landsframleiðslu. Flestar atvinnugreinar byggja hins vegar tilvist

sína í raun á slíkum grunnatvinnuvegum og geti því ekki einar og sér talist viðbót við landsframleiðslu.

Niðurstaða skýrslu Hagfræðistofnunar

„Niðurstaða skýrslu Hagfræðistofnunar er sem fyrr segir að beint og óbeint Íframlag áliðnaðar til landsframleiðslu sé um 90 milljarðar.“

er sem fyrr segir að beint og óbeint Íframlag áliðnaðar til landsframleiðslu sé um 90 milljarðar króna á ári hverju, eða sem samsvarar nærri sjö prósentum af landsframleiðslu. Á árunum 2008 til 2012 er beint Íframlag áliðnaðar til landsframleiðslu um 3,2 prósent að meðaltali, óbeint Íframlag vegna raforkuframléðslu tæp tvö prósent og óbeint Íframlag vegna annarra birgja um 1,7 prósent að meðaltali. Það munar um minna.

## Fyrir fjölskylduna!

Ungmennni sem koma úr meðferð þurfa öfluga endurhæfingu og virkniþjálfun svo þau nái sem fyrst að fóta sig í samfélaginu



ÁLFASALAN 2012

# Ósagðar Íslendingasögur

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur

Það var viðtal við Baltasar í Fréttatímanum þar sem hann segir frá áformum um glæpaþætti í Ríkisútvarpinu sem á vísit að taka upp á Seyðisfirði og munu vera í anda dönsku þáttanna Forbryðelsen og amerískrar endurgerðar þeirra þátta, The Killing. Þættirnir á Seyðisfirði ganga undir nafninu „Trapped“.

Það er ánægjulegt að Baltasar skuli enn vilja starfa hér á landi og vinna áfram með þeim snjalla handritshöfundu Ólafi Egilssyni en samstarf þeirra gat meðal annars af sér Brúðkaupið, þá indælu mynd þar sem Tsékov er settur niður í Flatey á Breiðafirði sem auðvitað blasir við að gera – svona eftir á að hyggja.

Baltasar fylgir náttúrlega sínum hugboðum sem hingad til hafa reynst honum nær óbrigðul. Óskandi er að þetta verði góðir og skemmtilegir þættir og ekki alltof mikið „í anda The Killing“ heldur meira í anda Seyðisfjarðar sem hefur einmitt mjög sérstaka töfra. Til þess er sjónvarpið: að spegla

samfélagið okkar frekar en að vera eins og dubbun á þessum amerísku þáttum sem við getum séð þúsundum saman á viku og eru allir einhvern veginn eins, vegna þess að þeir endurspeglar eins veruleika, eins samfélag. Þá verða karakterarnir kunnuglegir – þessi og þessi týpa – en ekki úr samfélaginu sjálfu heldur úr amerísku þáttunum. En til hvers að gera slíka þætti þegar Ameríkanarnir gera þá miklu betur?

## Hlutverk RÚV

Ríkissjónvarpið hefur staðið sig vel að undanförunu í gerð heimildarmyndna – og nú síðast er Pétur Gunnarsson farinn að leiða okkur inn í 18. öldina, sem ber að þakka sérstaklega. Við höfum líka fengið að sjá þætti Stephens Fry um tungumálin í heiminum, sem sum hver eru töluð af sárafáum og eiga í vök að verjast í alþjóðavæðingunni. Meðal annars kom hann í afskekktu byggð á Írlandi þar sem menn tala enn sína írsku af þrákelni einfaldlega vegna þess að heimurinn er fallelgrí ef það tungumál fær að lifa. Viðmælendur Frys voru nokkuð brattir: það hefur að sögn gengið vel hin seinni ár að varðveita og útbreidda gelískuna gömlu. Meðal þess sem gefist hefur vel að nota er sjónvarpið. Eitt það fyrsta sem mönnum þar um slóðir datt í hug að gera var að búa til leikna þætti úr þessu málsamfélagi þar sem koma

fyrir smásögur og hversdagsdrömu hins almenna manns og er miðja frásagnarinnar – nema hvað – krá í miðjum bænum. Líklega myndi slík miðja í íslenskum þáttum af því tagi vera sjoppa eða bensínstöðin. Sambærilegir þættir eru gerðir út um allan heim – við höfum séð ótal þætti hér um sérviskulega lækna eða dramatíska hóteldara í litlum samfélögum – þetta eru norskir þættir, enskir, danskir og þannig mætti lengi telja, og þeir eiga það sammerkt að aðstandendum þeirra

síg margfalt betur síðan hún kom til, verið áræðnari og hugkvæmari, faglegrí í mati sínu á gæðum efnis og hreinlega meðvitaðri um skyldur sínar gagnvart íslenskum áhorfendum og íslensku menningu. Auðvitað kann eitt og annað að hafa lukkast prýðilega en þegar maður lítur yfir sögu sjónvarpsins frá 1966 er það sláandi hversu illa stofnunin hefur staðið sig í framleiðslu á leiknu efni handa íslensku þjóð að spegla sig í og er þá Spaugstofan sérstaklega undanskilin.

ung hjón sem taka að sér skólastjórn/ nýjan héraðslækni nýkominn úr áfengismeðferð og erfiðleika hans við að samlagast samfélaginu/ presthjónin á brún hjónaskilnaðar/ hestamannamótið / elliheimilið / áhöfnina á togaranum – sem sagt eitthvað sem á sér fyrirmynd í raunverulegu íslensku samfélagi – fremur en til dæmis bandarískum spennuþáttum byggðum á dönskum spennuþáttum – og vinnur úr því á tiltekinn hátt. Að ógleymdu öllu sagnfræðilega efninu sem bíður óbætt hjá garði og gömlu íslensku skáldsögunum sem gera mætti frábærar seríur upp úr. Ég ætla ekki einu sinni að minnst einu sinni enn á Dalalíf.

Íslendinga sögur okkar daga eru ósagðar í sjónvarpinu. Og hvað sem þeir segja sumir: Íslendingar eru sagnþjóð, fólk sem skynjar sig og samferðafólk sitt gegnum sögur. Allt iðar hér af sögum, skrifuðum og óskrifuðum, sögðum og ósögðum. Það er skylda Ríkisútvarpsins að taka þátt í því að segja Íslendinga sögur okkar daga, á þann hátt sem hin leikna saga ein getur gert – og gera það almennilega.

Kannski tekst Baltasar að aflétta doðanum af hinu leikna efni Ríkissjónvarpsins. Vonandi verður hann ekki „trapped“ inni í einhverjum klisjum eða hefðum og gerir spennandi sjónvarp handa okkur. Geti það einhver ...



Það er skylda Ríkisútvarpsins að taka þátt í því að segja Íslendinga sögur okkar daga, á þann hátt sem hin leikna saga ein getur gert – og gera það almennilega.

stendur hjartanlega á sama um það hvort þeir þykja þakalegir. Það er öllum samfélögum nauðsyn að geta séð sig í sjónvarpinu, í leikinni sögu, en ekki bara í viðtölum eins og hér tókast. Þetta er spegill handa alþjóðfólki – „venjulega fólkinu“, og ríkisstjóðvar hér og þar líta á það sem menningarlega skyldu sína að búa til slíkt leikið efni. En ekki hér.

Eitthvað er að hjá Ríkisútvarpinu þegar kemur að leiknu efni: þar hefur Stöð tvö staðið

## Í Skruguvík

Ekki kann ég skýringar á þessu. Kannski ræður þarna einhver kúltúr sem orðið hefur til snemma innan stofnunarinnar; kannski hefur starfið verið ómarkvisst fálum og alltaf verið að byrja upp á nýtt. Kannski vantar sjálfstraustið. Og kannski vantar hreinlega áhugann. Hitt held ég að megi fullyrða: að áhugann vantar ekki hjá almenningi. Við bíðum öll eftir þáttaröðinni sem gerist í Skruguvík og fjallar um

## AF NETINU

### Takmörk fyrir málþófi

Í síðustu færslu spáði ég því að pontan á þingi yrði hertekin út af viðvarandi valdabrólti nokkurra þingmanna. Það hefur ræst. Nú er þörf á því að pæla pínulítið. Hugsa út fyrir rammann. Hvað er til ráða? Það gengur ekki að hafa óstarfhæft þing. Eitt af því sem þarf að ræða opin-skátt er einfaldlega það hvort það sé á nokkurn hátt í þágu lýðræðisins að einstaka þingmenn geti hagað sér svona: farið endalaust upp í pontu, í andsvör og ræður og sagt það sama aftur og aftur. Ef þeir gerðu svona heima hjá sér yrði þeim fleygt út. Verður ekki að takmarka þetta? Önnur þjóðþing gera það. Af hverju ekki við?

eyjan.is

Guðmundur Steingrímsson

### Af þjóðrembu

Ríkisstjórnin getur gamnað sér við að setja þjóðrembd skilyrði fyrir leigu Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum. Hún getur bannað, að þar verði grafinn út herskipa- og stórskípaþöfn. Hún getur bannað, að þar verði reist stórvirkjun jarðvarma. Hún getur bannað, að þar verði reist Kárahnjúka-stífla. Og svo framvegis. Ekkert af þessu virðast vera fýsileg verkefni. En með ýmsum hætti slíkum má hindra, að á Grímsstöðum verði valdandi-stöð kínverskra áhrifa. Ég sé ekkert athugavert við, að Nubo fái að æfa ferðabjónustu í 400 metra hæð yfir sjó. Viðbrögð Ögmundar Jónssonar eru dæmigerð þjóðremba eyjarskeggja.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

## Skattskrár vegna álagningar 2011 sem og virðisaukaskattskrár vegna tekjuársins 2010 verða lagðar fram 7. maí 2012.

Skrárnar, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, liggja frammi á skattstofum eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 7. maí til 21. maí 2012 að báðum dögum meðtöldum.

Framlagning skattskráa er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

7. maí 2012



RÍKISSKATTSTJÓRI

## FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI

Byggingafélag námsmanna (BN) hefur falið Fjármálaráðgjöf Deloitte að annast sölu á eignum félagsins á Laugarvatni.

Boðnar eru til sölu fasteignir að Laugarbraut 1, Laugarbraut 3 og Laugarbraut 5. Einnig er boðinn til sölu eignarhlutur BN í Gufu ehf., sem á og rekur baðaðstöðuna Laugarvatn Fontana á Laugarvatni.

Markmið seljanda er að selja ofangreindar eignir í heild eða í einingum. Seljandi áskilur sér rétt til að óska eftir staðfestingu á fjárhagslegum styrk tilboðsgjafa.

Áhugasamir fjárfestar eru beðnir um að hafa samband við Fjármálaráðgjöf Deloitte í gegnum netfangið [laugar@deloitte.is](mailto:laugar@deloitte.is) til þess að fá senda kynningu og frekari upplýsingar um sölufærlið.

### Fasteignir á Laugarvatni

Laugarbraut 1, 8 íbúðir, 563 m<sup>2</sup>.Laugarbraut 3, 8 íbúðir, 456 m<sup>2</sup>.Laugarbraut 5, 10 íbúðir, 686 m<sup>2</sup>.

Tækifæri er til að nýta fasteignir á

Laugarbraut til útleigu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, eða til útleigu fyrir sumarstarfsmenn og nemendur á svæðinu. Full nýting er á íbúðunum í sumar.



### Laugarvatn Fontana

Nýtt og glæsilegt baðhús var byggt í kringum gufubaðið á Laugarvatni og opnaði Laugarvatn Fontana í júlí 2011. Sóknarfæri félagsins liggja í vaxandi ferðamannafjölda hér á landi.

Aðrir stórir hluthafar félagsins eru á meðal stærstu ferðabjónustuaðila landsins.



# Talsamband við útlönd

## Menning

**Katrín Jakobsdóttir**

mennta- og menningarmálaráðgjafi



Mér finnst gaman að vera kominn fram á þessum stað, en það veit enginn um þennan stað,“ sagði hinn heimsfrægi djasstónlistarmaður Chick Corea á sviðinu í Eldborgarsal Hörpu á dögunum. Hann var nokkuð hissa á húsinu og landinu. Listamaðurinn tók vissulega nokkuð djúpt í árinna en víst er Ísland lítið land og alls ekki sjálfgefið að hinn stóri heimur viti af okkur hér í hafinu, jafnvel þó um sé að ræða viðsýnt fólk.

Ísland hefur ýmislegt fram að færa. Skal þar fyrst telja náttúruna sem við verðum að standa vörð um fyrir komandi kynslóðir, gesti okkar og okkur sjálf. Nálægðin við óbeislaða náttúru, sjávarsíðuna, víðerni og fjallalofn má svo sannarlega flokka til forréttinda á nýrri öld. Eftirspurnin eftir því að koma til Íslands er einnig til staðar, það sést best á þeirri fjölgun erlendra ferðamanna sem orðið hefur á undanförunum árum og þeim fjölga enn.

Stoðirnar sem ferðahjónustan byggir á eru nokkrar. Flugsamgöngur þurfa að vera tryggar og aðstaða til að taka á móti gestunum til staðar. Reynslan af heimsókninni þarf að vera ánægjuleg og upplifunin þannig að gesturinn greini frá henni

þegar heim er komið. Þeir sem ferðast um landið hafa frá ýmsu að segja en dvölin veltur hins vegar á tveimur atriðum, náttúru og menningu. Menningarlífið á Íslandi er öflugt og í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 hefur það náð að standa af sér áföll og niðurskurð. Stuðningur við menningarstofnanir og listir í landinu þarf þó að byggja upp aftur til framtíðar. Rökin fyrir því er fyrst og fremst að finna í menningunni sjálfri sem veitir okkur lífsfyllingu og ánægju en listir og menning treysta einnig fjölbreytt atvinnulíf þar sem sköpun verður sífellt mikilvægari þáttur.

### Kynning á íslenskum listum

Hvað menningu varðar er einkar mikilvægt að við látum vita af okkur úti í hinum stóra heimi, enda höfum við margt fram að færa. Alþjóðlegt samstarf og samskipti eru mikilvæg svo að þeir sem starfa á vettvangi menningar og lista fái erlenda samburð til að þroskast og dafna. Nefna má fjölmörg dæmi um að íslenskir listamenn nái góðum árangri með verkum sínum erlendis þessi misserin. Útgáfa á íslenskum samtímabókmenntum er með miklum blóma, tónlistarmenn vekja athygli og aðdáun og ferðast um heiminn til að syngja og leika, myndlistarmenn ná í auknum mæli að byggja tengslanet sín við erlenda sýningarsali og hátíðir og þannig mætti lengi telja.

Stuðningur stjórnvalda skiptir miklu máli í þessu sambandi og

hann hefur einkum farið fram í gegnum kynningarmiðstöðvar listgreinanna sem komist hafa á laggirnar á undanförunum árum. Kvikmyndamiðstöð Íslands ýtir undir markaðssetningu og kynningu á kvikmyndum, ÚTÓN hefur eftir útflutning á íslenskri tónlist, Hönnunarmiðstöð hefur náð að byggja upp Hönnunarsíma í Reykjavík sem vakið hefur alþjóðlega athygli og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur haldið vel utan um þátttöku Íslands á myndlistartværingnum í Feneyjum, svo ágæt dæmi séu nefnd. Stuðningur við kynningu á íslenskum bókmenntum stendur til að efla með tilkomu nýrrar miðstöðvar um þær og einnig er í frumvarpi til sviðslistalaga gert ráð fyrir stofnun kynningarmiðstöðvar um íslenskar sviðslistir. Mikilvægt er að kanna hvort þessum aðilum kunni að reynast betur til framtíðar að hafa með sér samstarf eða nánari samvinnu því að listgreinarnar styðja hvor aðra eins og menn vita.

Stuðningur stjórnvalda við kynningu á íslenskum listum á erlendri grund þarf að vera byggður á faglegum forsendum og þar gegnir þekking þeirra sem stýra miðstöðvunum lykilmáli. Þær þarf að efla um leið og tryggt er að stuðningurinn sé í takt við þá fjölbreytni og kraft sem finna má í íslensku menningarlífi. Verkefnið skiptir ekki aðeins listamenn máli, heldur okkur öll. Menning og listir leggja til sjálfsmyndar þjóðarinnar og efla sköpunarkraft með henni, veita okkur og gestum okkar ánægju og innblástur.

Veröldin er stór, þjóðirnar margar og möguleikarnir endalausir. Látum fleiri vita af okkur og okkar kraftmiklu listum. Íslenskar listir eiga erindi við heimsbyggðina.

# Líf á biðstofunni

## Heilbrigðismál

**Bryndís Björnsdóttir**  
listamaður



Þrítugasta apríl síðastliðinn kom fram viðtal við Kristínu Guðmundsdóttur sem var í þann mund að hefja söfnun fyrir styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans, Líf. Með söfnuninni vill Kristín leggja áherslu á að kvennadeildin bæti aðbúnað kvenna sem hafa misst börn sín á meðgöngu eða í

styrktarsöfnun sem Kristín stendur fyrir.

Sjálf hef ég gengið í gegnum fóstureyðingu og þekki þær flóknu tilfinningar sem hún getur vakið. Á biðstofu kvennadeildar Landspítalans lætur kona sem hefur gengið í gegnum fóstureyðingu þær óheppilegu aðstæður ganga yfir sig, þar sem þetta var hennar val. Þeirri miklu sorg sem fóstureyðing getur vakið er ekki gefið svigrúm þar. Samfélagið virðist betur í stakk búið að gangast við lagalegum forsendum fóstureyðingar en þeim miklu sálrænu flækjum sem hún getur kallað fram.



Þöggun er ekki rétta lausnin. Mikill fjöldi kvenna á Íslandi hefur gengið í gegnum slíka reynslu og þarf að geta átt orð um hana.

fæðingu. Í viðtalinu kom fram að Kristín hafði nýverið misst tvíburadrengi sína og hafði þurft að ganga í gegnum þá reynslu að sitja á biðstofu kvennadeildar eftir þann missi með óléttum konum sem biðu eftir að komast í sónar. Með þessu lofsverða framtaki bendir Kristína á þætti sem hafa ekki áður verið bornir fram á opinberum vettvangi en verið umtalaðir kvenna á milli. Aðstaðan á kvennadeild Landspítalans þarfnast umbóta. Styrkur Kristínar hefur fengið mig til þess að vilja benda einnig á að í þessu rými biða aðrar konur. Konur sem hafa gengið í gegnum fóstureyðingu.

Með þessum skrifum vil ég benda á þann hóp kvenna sem forðast er að nefna í þessu samhengi en sem ég tel að eigi einnig við þá

Hver sem ákvörðun kvenna verður þegar kemur að slíku vali er um að ræða erfiðan stað að gangast við. Ef samfélagið er búið að heimila slíkar aðgerðir undir formerkjum jafnréttis tel ég að samfélagið ætti að gangast við því til fulls og ekki loka dyrum á þessar konur að aðgerðinni lokinni. Þöggun er ekki rétta lausnin. Mikill fjöldi kvenna á Íslandi hefur gengið í gegnum slíka reynslu og þarf að geta átt orð um hana.

Konur eru annað en staðreyndir og stærðir. Við höfum okkar ólíku upplifanir sem eru margþættar og sem ætti að taka til greina. Því tel ég að það eigi að horfast í augu við hversu flókin tilveran er og leyfa konum að mætast á biðstofu sem tekur opnum örmum hvaða lífi sem er.



SMÁRAGARÐUR

# TIL LEIGU

## Miðhraun 2

Garðabæ



Frábær verslunarstaðsetning við brúnna hjá IKEA.

Eigum annars vegar 1000 m<sup>2</sup> rými og hins vegar 2000 m<sup>2</sup> rými laust.

Miklir möguleikar á að aðlaga húsnæðið að þörfum leigutaka.

Nánari upplýsingar veitir Steinn Jóhannsson í síma 842 4909 eða steinnj@smaragardur.is

Smáragarður, Bildshöfða 20, 110 Reykjavík, sími 585 2900, www.smaragardur.is

# Argumentum ad hominem

Landsdómur

Sigurður Gizurarson  
hæstaréttarlögmaður

Niðurstaða Landsdóms og viðbrögð Geirs H. Haarde við honum hafa verið til umræðu undanfarna daga. Dómstóllinn sýknaði Geir af öllum ákæruatriðum nema því að hann hefði af stórfelldu gáleysi látið fyrir farast að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni, svo sem boðið er í 17. gr. stjórnarskrárinnar. Eðlilega tók Geir sakfellinguna óstínt upp. Hann kvaðst reiður yfir niðurstöðunni og álíta ljóst, að pólitísk sjónarmið hefðu laumað sér inn í landsdóminn.

Viðbrögð Geirs hafa svo aftur orðið til þess að margir hafa talið sig sjálfkjörna til að fella síðferðilegan viðbótardóm yfir Geir. Fyrirverandi hæstaréttardómari, Magnús Thoroddsen, fordæmdi viðbrögð Geirs í útvarpi og lagaprófessorinn Sigurður Línal kveður sér hljóðs í Fréttablaðinu. Hann segir m.a.:

„En hér fellur Geir í þá gryfju að nota rök gegn dómendum í stað þess að tefla fram rökum gegn niðurstöðu þeirra. Hann býr sér til forsendur um hugarfar þeirra í því skyni að gera þá fyrirfram tortryggilega og þegar af þeirri ástæðu standist niðurstaða þeirra ekki. Þetta er í rökfræðinni kallað rök gegn manni en ekki málefni (argumentum ad hominem) og er skóladaemi um rökþrot. Með því er máli drepið á dreif og orðræðan verður merkingarlaus.“

En viðbrögð Geirs hafa víðari skírskotun. Þau varpa ljósi á pólitíska umræðu í þjóðfélaginu nú um stundir sem einkennist sífellt meira af merkingarleysi. Og smám saman einangrast hún frá öllum veruleika og því lífi sem lifað er í landinu. Hætt er við að hæfileikafólk kjósi sér annan starfsvettvang en stjórnarmál og atgervisflótti verði – ef hann er þá ekki þegar hafinn.“

Sigurður Línal gerir sig sjálfan einmitt beran að því sem hann segist vera að gagnrýna. Það sem hann ber Geir H. Haarde á brún er einmitt rök gegn manni en ekki málefni. Grein hans er öll „argumentum ad hominem“ auk þess að vera merkingarlaus. Hann gagnrýnir skapgerð Geirs en ekki rök hans gegn niðurstöðu Landsdóms. Aðferð Sigurðar er þó ekkert einsdæmi, því að iðulega ræðst hann gegn persónu manna og á ég þá ekki eingöngu við baktal hans um einstaka menn, heldur greinaskrif hans á opinberum vettvangi. Í greinum í Fréttablaðinu 17. marz og 9. og 15. apríl 2011 ræðst hann gegn persónu stjórnlagaráðsmanna, þótt þeir hefðu þá ekki enn látið neinar tillögur að stjórnarskrá frá sér fara. Talaði Sigurður um „hóp manna sem hlutu ógilda kosningu og eru því umbodslausir ... Ef markmiði verður ekki náð löglega er lögbrot einungis „önnur leið“ til að ná því.“

Réttur Geirs H. Haarde til að vefengja niðurstöðu Landsdóms sem og til að gagnrýna persónu sjálfra dómendanna er grundvallarmannréttindi hans. Engum er síðferðilega skylt að samþykkja með þögn áfellingdóm annarra yfir sjálfum sér. Allir hafa rétt til að mótmæla árás á

mannorð sitt, hvort heldur hún er opinber niðurstaða dómstóls eða venjulegt nið úti í þjóðfélaginu. Árás á Geir í þeirri stöðu sem hann er í þegar hann er nýbúinn að taka við áfellingdómi Landsdóms, getur ekki kallast annað en spark í mann sem stendur höllum fæti – þótt ekki teljist hann liggjandi. Það er dæmigert fyrir Sigurð Línal að slá sig til riddara sem „hæfileika“ mann er ástundi skynsamlega rökraðu um leið og hann sparkar í Geir H. Haarde þegar svona stendur á.

Röksemdir „ad hominem“ eru ekki skóladaemi um rökþrot. Dómstólar kveða ekki ávallt upp rétt-

láta dóma og ástæða getur þá verið til að gagnrýna dómendurna. Í Frakklandi hlaut stjórnarmálakreppa, þegar Alfred Dreyfus var dæmdur 1894 til fangelsisvistar fyrir landráð. Dreyfus var liðsforingi í franska hernum af gyðingaættum, sem var dæmdur á grundvelli sönnunargagna sem reyndust fölsuð. Árið 1898 skrifaði rithöfundurinn Emil Zola opið bréf undir fyrirsögninni „Ég ákæri“ (J'accuse) til varnar Dreyfusi. Sú staðreynd að Zola beindi beittum penna sínum gegn ákærendum og dómendum gerði ekki gagnrýni hans merkingarlaus, heldur enn þá beittari en ella. Dreyfus hafði

verið fangelsaður, en var síðar náðaður af Frakklandsforseta. Eftir dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna 12. desember 2000 í málinu Bush v. Gore, þar sem meirihluti dómstólsins afhenti George W. Bush forsetaembætti Bandaríkjanna með úrskurði sínum, héldu mikilhæfir lögfræðingar því fram, að dómendurnir hefðu gerzt sekir um landráð. Lagaprófessor við Yale-háskólann líkti niðurstöðunni við það „þegar Kennedy var ráðinn af dögum“ og að margra álitum voru það engar ýkjur.

Sigurður Línal gagnrýnir aldrei niðurstöður Hæstaréttar Íslands né dómstóla yfirleitt. Það

eru stjórnarmál hans og lögfræði í hnotskurn. Þegar dómarmar bregðast skyldum sínum er auðvitað full ástæða til að gagnrýna þá. Og þegar lagaprófessor bregst þeirri skyldu sinni að gagnrýna niðurstöðu dómstóla er einnig ástæða til að gagnrýna hann. Sigurður hefur brugðizt hlutverki sínu sem lagaprófessor, því að hann hefur áratugum saman þegið laun úr ríkissjóði fyrir það verkefni að brjóta niðurstöður íslenskra dómstóla til mergjar, en þess sér hvergi stað. Hvort þar veldur vangeta eða óheilindi skal ósagt látið. Víst er hins vegar, að skinhelgi og sýndarmennska eru hans ær og kýr.

# Evrópuvika

7.-13. maí

Evrópuvikan hefst formlega á **Akureyri í dag** með opnun

Evrópustofu í **Norrænu upplýsingaskrifstofunni** að

**Kaupvangsstræti 23** kl. 12:30-13:15. Á **Glerártorgi** hefst sýningin

**ESB í máli og myndum** sem stendur fram til 12. maí

Á **morgun**, þriðjudaginn 8. maí, er **borgarafundur í Iðná** kl. 17:00-18:00.

Timo Summa, **sendiherra ESB á Íslandi**, ræðir stöðuna í aðildarviðræðum ESB og Íslands

Aðrir hápunktar vikunnar eru **Evrópuhátíð í Hörpu** og **tónleikar í Eldborg** með **European Jazz Orchestra** og **Stórsveit Reykjavíkur**.

Aðgangur **ókeypis** – miðar hjá **miðasölu Hörpu!**

## Dagskrá:

### Mánudagur 7. maí

- » **Akureyri:** Opnun Evrópustofu í Norrænu upplýsingaskrifstofunni að Kaupvangsstræti 23 kl. 12:30-13:15
- » ESB í máli og myndum – sýning á Glerártorgi 7.-12. maí

### Þriðjudagur 8. maí

- » Borgarafundur í Iðná með sendiherra ESB á Íslandi kl. 17:00-18:00

### Evrópuvikan 9. maí

- » ESB í máli og myndum – sýning í Kringlunni 9.-12. maí
- » Tækifæri fyrir ungt fólk í Evrópu – fundur í Evrópustofu kl. 16:30-18:00

### Fimmtudagur 10. maí

- » Opinn fundur í Iðná um öryggis- og varnarmálstefnu ESB og Ísland. Haldið á vegum Nexus, rannsóknarvettvangs á sviði öryggis- og varnarmála, Alþjóðamálastofnunar HÍ og Evrópustofu

### Föstudagur 11. maí

- » Menningarvor í Evrópustofu – tónleikar með Snorra Helgasyni kl. 12:00-13:00

### Laugardagur 12. maí

- » Upphitun fyrir Evrópuhátíð – tónlist og kynningar í Kringlunni

### Sunnudagur 13. maí

- » Evrópuhátíð í Hörpu kl. 13:00-17:00 – ESB í máli og myndum – sýning – Kynning á áhugaverðum Evrópusamstarfsverkefnum og styrkjum – Rjómi ungra íslenskra uppstandara og Blár Ópall skemmta gestum
- » Tónleikar í Eldborgarsal Hörpu kl. 20:00-22:00 Aðgangur ókeypis – miðar hjá miðasölu Hörpu! – Stórsveit Reykjavíkur – European Jazz Orchestra Kynnir: Ari Eldjárn

Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar á [www.evropustofa.is](http://www.evropustofa.is)



ÁLFASALAN  
2012

Evrópuvika  
Upplýsingamiðstöð ESB





**301 BRESKI HEIMSPEKINGURINN DAVID HUME**  
(1711-1776) fæddist á þessum degi fyrir 301 ári.  
„Skynsemin er ambátt ástríðanna.“

## Merkisatburðir

- 1197** Sex menn létust í Lönguhlíðarbrennu eða Önundarbrennu. Bærinn Langahlíð stóð þar sem nú er Skriða í Hörgárdal.
- 1429** Síðasta umsátursvirki Englendinga við Orléans, Tourelles, féll. Jóhanna af Örk varð hetja fyrir að leiða lokaáhlaupið þrátt fyrir að vera særð.
- 1682** Pétur mikli varð Rússakeisari ásamt hálfbróður sínum Ívan.
- 1780** Jón Teitsson vígður biskup á Hólum.
- 1810** Sir George Stuart Mackenzie og Henry Holland lækni komu til Íslands og skrifuðu báðir merkar bækur um ferð sína.
- 1812** Óveður geislaði á Vestfjörðum og fórust 54 menn á sjö skipum frá Önundarfirði.
- 1908** Páll Einarsson var kosinn fyrsti borgarstjóri Reykjavíkur.
- 1915** Farþegaskipinu Lusitanu sökk við Írlandsstrendur af þýskum kaþbáti.
- 1934** Borðeyrardeilan hófst um samningsrétt félaga í verkalýðsfélagi í Hrutáfirði.
- 1946** Japanska raftækjafyrirtækið Sony var stofnað.
- 1951** Bandaríkin sendu herlið til Íslands til að sjá um varnir þess, en samningur þess efnis var undirritaður tveimur dögum fyrr.
- 1957** Helen Keller kom í heimsókn til Íslands til að styðja og hvetja blinda og mállausa. Hún var bæði blind og heyrnarlaus og varð fræg fyrir réttindabaráttu sína.
- 1961** Keflavíkuranga á vegum hernámsandstæðinga var gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.
- 2007** Gröf Heródesar konungs fannst í hæðinni Herodium og hafði hennar verið leitað þar í yfir 30 ár.

ÞETTA GERÐIST: 7. MAÍ 1978

## Jarðgöng um Oddsskarð opnuð

Á þessum degi árið 1978 voru jarðgöng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar vígð. Áður en göngin um Oddsskarð komu, var gamli fjallvegurinn eina landleiðin milli byggðarlaganna. Hann liggur einnig um Oddsskarð. Hann hefur verið erfiður yfirferðar og er lokaður yfir vetrarmánuðina. Hann er í röð hæstu fjallvega á landinu um 705 metra yfir sjávarmáli en er enn í notkun því jarðgöngin um Oddsskarð eru þröng.

Göngin um Oddsskarð voru grafin á árunum 1972-1977. Þau eru 640 m löng, einbreið með tveimur útskotum til að mætast. Göngin eru í 630 metra hæð og varð vegalengdin milli bæjanna tveggja um 16,2 km löng eftir tilkomu þeirra.

Göngin voru mikil samgöngubót á sínum tíma en þykja heldur þröng í dag auk þess sem blindhæð er inni í göngunum.



## AFMÆLISBÖRN



**ÁRNI GAUTUR ARASON**  
knattspyrnu-  
maður er 37  
ára.



**SIGURJÓNA SVERRIS-  
DÓTTIR**  
leikkona er  
53 ára.

**ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON**  
prófessor í  
bókmenntum,  
er 55 ára.



**MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON**  
jarðeðlis-  
fræðingur er  
51 árs.



**FRIDRIK ERLINGSSON** Heimsækir reglulega skóla þar sem nemendur eru að lesa að vinna með Benjamín dúfa og segir ánægjulegt að bókin virðist enn hafa sama slagkraft hjá nýjum kynslóðum lesenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FRIDRIK ERLINGSSON: FAGNAR 20 ÁRA ÚTGÁFUAFMÆLI BENJAMÍNS DÚFU

# Hefur enn sama slagkraft

„Þetta leiðir nú fyrst og fremst hugann að því hvað tíminn líður hratt,“ segir Friðrik Erlingsson rithöfundur en skáldsaga hans, Benjamín dúfa, kom út á þessum degi árið 1992, fyrir réttum 20 árum, sama dag og hún hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin. Bókin hefur verið endurútféfin í tilefni af tímamótunum og er nú aðgengileg nýjum kynslóðum lesenda.

Benjamín dúfa hlaut afar góðar viðtökur á sínum tíma, seldist vel hérlandis og útgáfurétturinn var seldur til fjölda landa. Vinsæl kvikmynd í leikstjórn Gísla Snæs Erlingssonar var gerð eftir bókinni, sem er í hópi 100 bestu barna- og unglingsbóka sem komið hafa út á íslensku að mati bókasafnsfræðinga.

Það hlýtur að vera draumur hvers rithöfundar að fleiri kynslóðir lesi bækur hans.

„Sjálfsagt er það draumur margra, Sjálfur átti ég þó aldrei von á því að þetta færi svona eins og það fór,“ segir Friðrik um velgengni bókarrinnar, „En

þetta hefur verið skemmtilegt og gefandi ferli. Í gegnum árin hef ég heimsótt skóla þar sem krakkar hafa verið að lesa bókina eða vinna með hana og það er gaman að sjá að hún virðist alltaf hafa sama slagkraft.“

Sagan fjallar um fjóra vini, sem stofna riddarareglu til að sporna við yfirgangi hrekkjusvínsins í hverfinu. Sumpart hefur erindi bókarrinnar jafnvel endurnýjast því hún tekur að hluta til á málum sem eru ofarlega á baugi í dag: einelti. „Það hefur auðvitað margt breyst frá því að bókin kom út. Umræðan um einelti er miklu meiri núna heldur en þá og sjálfsagt eiga einhverjir eftir að lesa bókina í því ljósi. En ég var þó ekki meðvitað að skoða samskipti barna eða félagsleg fyrirbæri með tæknileg nöfn eins og einelti. Ég vildi fyrst og fremst reyna að miðla þessum persónum af trúverðugleika.“

Bókin hefur djúp áhrif á ófáa, ekki síst vegna þess að ein persónan – barn – lætur lífið. Friðrik segist hafa fengið afar sterk viðbrögð við því á sínum

tíma. „Og fæ þau enn þann dag í dag. Þetta var ekkert sem ég lagði upp með þegar ég byrjaði á bókinni en eftir því sem leið á áttaði ég mig á því að svona hlýti það að fara. Það var jafn mikið áfall fyrir mig og lesendur að uppgötva það en þetta hlaut að gerast ef ég átti að vera trúr þeirri undiröldu sem var komin af stað.“

Friðrik skrifaði tvær skáldsögur til viðbótar sem tengdust Benjamín dúfu óbeint, Góða ferð, Sveinn Ólafsson sem kom út 1998, og Bróðir minn Lúsfifer, sem kom út 2002. Hann hefur nú nýlökkið við að þýða þær yfir á ensku og kemur sú fyrirnafnda út í Bandaríkjunum í haust en sú síðarnefnda í Bretlandi um svipað leyti.

„Þetta gerðist fyrir litlar og skemmtilegar tilviljanir og verður forvitnilegt að sjá hvert framhaldið verður. Ég hugsaði þessar bækur sem hugmyndalega þrenningu og það er ánægjulegt að bráðum verða þær allar komnar út á ensku.“

bergsteinn@frettabladid.is

**+**

**KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**  
frá Norðfirði,  
til heimilis að Snorrabraut 56b,  
Reykjavík,

sem lést mánudaginn 30. apríl, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 9. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar í Kópavogi (sími 543-1159 eða á heimasíðu Landspítala).

<b>Kolbrún Sigurðardóttir</b> Guðlaugur Sigurðsson	<b>Alda Björk</b> Skarphéðinsdóttir
<b>Valgerður Sigurðardóttir</b> og fjölskyldur.	<b>Ágúst Ólafur Georgsson</b>

**+**

Móðir okkar, tengdamóðir, amma,  
langamma og langalangamma,

**BERTHA GÍSLADÓTTIR**  
frá Vestmannaeyjum,

verður jarðsöngin frá Landakirkju föstudaginn 11. maí kl. 13.30.

<b>Rósa Martinsdóttir</b> Emilía Martinsdóttir Sigríður Sýlvía Jakobsdóttir Lárus Ársælsson Bertha María Ársælsdóttir Jóhanna María Eyjólfsson Martin Eyjólfsson Drífa Kristín Sigurðardóttir Martin Ingi Sigurðsson Hildur Erna Sigurðardóttir barnabarnabörn og barnabarnabarn.	<b>Ársæll Lárusson</b> Sigurður Ingi Skarphéðinsson  <b>Sveinborg Lára Kristjánsdóttir</b> Kolbeinn Gunnarsson  <b>Eva Þengilsdóttir</b>  <b>Anna Björnsdóttir</b> Steinar Sigurðsson
---	--

**+**

Elskuleg frænka okkar,

**LÁRA J. ÁRNADÓTTIR**  
frá Bursafelli, Vestmannaeyjum,  
Aflagranda 40, Rvk,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 29. apríl. Jarðsett verður frá Áskirkju þriðjudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Aðstandendur**

## Birtingarmyndir ofbeldis

Jafnréttisstofa, Rannsóknamiðstöð gegn ofbeldi og Háskólinn á Akureyri bjóða upp á ráðstefnu um birtingarmyndir ofbeldis, afleiðingar og úrræði í Háskólanum á Akureyri (HA) föstudaginn 11. maí.

Leitast er við að fá framsögufólk og sérfræðinga af ólíkum sviðum samfélagsins til að fjalla um aðkomu þeirra, rannsóknir og helstu þætti sem skoða þarf til að auka þekkingu og úrræði í þessum málaflokki.

Ráðstefnustjóri er Sigurður Kristinnson, forseti hug- og félagsvísindasviðs HA og meðal mælenda eru Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Sigrún Sigurðardóttir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, verkefnastýra hjá Stígamótum.



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Á ráðstefnunni fjalla sérfræðingar af ólíkum sviðum um birtingarmyndir ofbeldis, afleiðingar og úrræði.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HEIMILISSÝNING

Stórsýningin Heimilið og garðurinn verður í Smáranum dagana 11.-13. maí. Gert er ráð fyrir að um 120 fyrirtæki kynni vöru sína. Sýningin verður fjölskylduvæn og er sérstaklega hugað að yngstu kynslóðinni. Búist er við miklum fjölda gesta.

### GEZE

## Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



### JARN&GLER

Járn & Gler hf. Skútvogur1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík s: 58 58 900 www.jarnkler.is

**UNA** Sheila Rietscher við verk eftir Maríu Worms Hjartardóttur sem hún gefur nafnið Una. Þetta eru drykkjarlát fyrir mæður og börn. Þeim má snúa við og nota sem kertastjaka. MYND/STEFÁN



# FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

**HÖNNUN** Fjórum nemendum mótunardeildar Myndlistaskólans í Reykjavík hefur verið boðið til þriggja vikna dvalar í postulínsverksmiðjunni Kahla í Þýskalandi.

Sheila Rietscher, markaðsstjóri postulínsverksmiðjunnar Kahla sótti opnun á verkum nemenda í Lækningaminjasafni Íslands á föstudag ásamt yfirhönnuði fyrirtækisins, Barböru Schmidt. Þar var greint frá því hvaða nemendur fengu tækifæri til að sækja verksmiðjuna heim en hún er ein sú tækni-legasta í heimi. „Þetta var erfitt val enda var mikið af góðum verkum á sýningunni,“ segir Sheila.

Verksmiðjan Kahla og Myndlistaskólinn í Reykjavík hafa verið í samstarfi um nokkurra ára skeið. Nemendum Myndlistaskólans hefur staðið til boða að heimsækja verksmiðjuna en í fyrra var sérstöku samstarfsverkefni komið á fót sem gefur útvöldum nemendum færi á að vinna undir handleiðslu hönnuða fyrirtækisins og kynnast framleiðsluferlinu í þriggja vikna heimsókn. „Það er ómetanlegt fyrir íslenska nemendur enda engar sambærilegar verksmiðjur á Íslandi,“ segir Sheila.

„Samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík og Kahla er mikilvægur þáttur í þróun

og eflingu náms í keramikki á Íslandi. Með þessu samstarfi gefst nemendum mótunardeildar ómetanlegt tækifæri til að kynnast raunverulegum kröfum og starfsháttum hágæða postulínsverksmiðju. Um leið fær Kahla að kynnast íslenskum nemendum og náminu í Myndlistaskólanum í Reykjavík,“ segir Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólalastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík, en forsvarsmenn Kahla leggja mikla áherslu á að halda tengslum við unga og frjóa listamenn. Þá er mikil áhersla lögð á umhverfisvernd í framleiðsluferlinu og hafa vörur fyrirtækisins fengið margvísleg virt verðlaun undanfarin ár.

„Nemendur Myndlistaskólans fengu að þessu sinni það verkefni að vinna út frá hugtakinu flæði og leggja verkefnið í dóm þeirra Sheilu og Barböru. „Þetta er vítt hugtak og komu margar frábærar hugmyndir fram,“ segir Sheila. Það voru þær Sigríður Þóra Óðinsdóttir, Sigrún Jóna Norðdahl, Sunna Shabnam Halldórudóttir, og María Worms Hjartardóttir sem þóttu skara fram úr. ■ve



**UM** Eftir Sigríði Jónu Norðdahl.



**APPARATUS** Eftir Sigríði Þóru Óðinsdóttur.



**MORGUNDÖGG** Eftir Sunnu Shabnam Halldórudóttur.

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu. Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



www.svefn.is

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



\*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús

**Neysluvatnshitarar**  
Hitöld (element), hitastillar,  
hitastýringar og flest  
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu  
sem við kemur rafhitun.



**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

# Meirapróf



Upplýsingar og innritun í  
síma 567 0300 / 894-2737

**Nýtt námskeið hefst 11. maí**



**GÓÐUR ÁRANGUR**  
Leo Angart þjálfar  
börn með góðum  
árangri.

## ÞURFA EKKI GLERAUGU SÉU AUGUN ÞJÁLFUÐ

**NÝ SÝN KYNNIR** Leo Angart sjónþjálfari frá  
Danmörku hefur haldið sjónþjálfunarnámskeið um  
allan heim. Í bígerð er heimildarmynd um efnið.

Föstudaginn 11. maí og sunnudaginn 13.  
maí verður Leo Angart með námskeið fyrir  
börn hér á landi. Námskeið fyrir fullorðna  
fara fram fimmtudaginn 10. maí og laugardag-  
inn 12. maí. Magic Eyes for Kids nefnist nám-  
skeiðið sem er ætlað börnum frá 8-12 ára sem  
vilja fá skýra sjón án þess að nota gleraugu.  
Kennslan felst í því að læra á auðveldan hátt  
að þjálfá augun. Leo hefur náð miklum árangri  
með börn sem hafa verið fljót að ná tökum á  
sjóninni. Margir halda að versnandi sjón sé  
óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að eldast. Því  
eldri þeim mun verri sjón. Hvers vegna eru þá  
svona mörg börn með gleraugu? Leo segir að  
svarið við þeirri spurningu sé hvernig þau nota  
augun.

Magic Eyes þjálfun Leos Angart fyrir börn er  
í leikjaformi og gengur aðallega út á að kenna  
börnum augnæfingar sem skilað hafa góðum  
árangri við að öðlast aftur fullkomna sjón og  
jafnvel arnarsjón sem er betri en hefðbundinn  
mælikvarði á góða sjón. Hann skoðar lífsstíls-  
venjur barnanna og ráðleggur þeim og for-  
eldrum þeirra hvernig best sé að beita sjóninni  
svo að fullur sjónstyrkur haldist út ævina. Leo  
Angart greinir og endurstillir sjónina þannig að  
fókusvinna augnanna verður náttúruleg, sem  
veldur til að mynda því að börnin losna við við-  
kvæm augu og höfuðverk, ef það er fylgikvilli  
sjónvandans.

Börn og fullorðnir sem til dæmis lesa mikið  
eða nota óhóflega tölvu í leik og starfi er hætt-  
ara við því að missa fullan sjónstyrk og þurfa  
því oft á gleraugum að halda. Það er almennt  
talið að gleraugun gefi barninu betri sjón en  
hún verður því miður oft verri. Gleraugun  
verða eins og hækja fyrir augnvöðva og augun  
verða löt. Það leiðir til þess að viðkomandi  
verður háður gleraugum og getur ekki verið  
án þeirra. Barn sem gerir æfingarnar í tuttugu  
mínútur á dag yfir oft stutt þjálfunartímabil  
gæti hæglega losað sig við gleraugun.

### NÁMSKEIÐIN

**Sjónþjálfunarað-  
ferðir Leo hjálpa  
fólki með nærsýni,  
fjarsýni og sjón-  
skekkju. Einnig  
þeim sem þurfa les-  
gleraugu.**

**Tvö námskeið  
verða haldin í vik-  
unni, annars vegar  
„Töfraaugu“, nám-  
skeið fyrir börn í  
fylgd foreldris og  
hins vegar full-  
orðinsnámskeiðið  
„Hentu gleraugun-  
um“. Þau fara fram  
í Háskólanum í  
Reykjavík – salnum  
Herkúles M209.**

**FYRIR FULLORÐNA**  
10. maí kl. 17-22 og  
12. maí kl. 10-15.

**FYRIR BÖRN**  
11. maí kl. 14-17 og  
13. maí kl. 14-17.

**NÁMSKEIÐIÐ**  
**Tveir dagar**  
19.500 fyrir börn  
29.500 fyrir full-  
orðna.  
Léttar veitingar  
verða í boði.

Námskeiðin fara  
fram á einfaldri og  
góðri ensku.

Skráning á nám-  
skeiðin – sjá nánar  
[www.nysyn.is](http://www.nysyn.is)

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

# SUMARDEKKIN FYRIR BÍLINN ÞINN FÁST HJÁ PITSTOP!

FÓLKSBÍLA-, JEPPA- OG SENDIBÍLADEKK.



Continental HANKOOK WANLI INTERSTATE NANKANG Mastercraft TIRES

**pitstop**

RAUÐHELLU HFJ HELLUHRAUNI HFJ  
DUGGUVOGI RVK AUSTURVEGI SELFÖSS  
568 2020 SÍMI PITSTOP.IS WWW



# RECARO

## Útsölustaðir:

- BabySam
- Móðurást
- Fífa
- Brimborg Akureyri



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnþogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svala Árnadóttir  
sölufulltrúi



Ruth Einarsdóttir  
sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

## Glæsieign með útsýni

Eignamiðlun kynnir Gnitakór 4. Glæsilegt 222 fermetra og vel skipulagt einbýli á tveimur hæðum auk 51,5 fermetra bílskúrs með mikilli lofthæð. Húsið er einstaklega bjart með stórum gluggum, vönduðum innréttingum og tækjum og glæsilegu útsýni yfir Kórahverfið.



Gnitakór 4 er stórglæsileg og björt eign með stórum gluggum og fallegu útsýni.

Húsið er fallega hannað og teiknað af Hómeiru Gharavi og Þorgeiri Þorgeirssyni og skiptist á eftirfarandi hátt.

Efri hæð: Stofa, eldhús og borðstofa, sjónvarpsstofa, tvö rúmgóð barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Neðri hæð: Komið er inn í forstofu með flísam á gólfi og fataskáp sem nær frá gólfi og upp í loft. Rúmgótt hol eða stofa með parketi á gólfi, hægt er að breyta þessu rými í herbergi. Snyrting með flísam í hólfi og gólfi og vegghengdu salerni, gert er ráð fyrir sturtu. Þvottahús með innréttingu og flísam á gólfi. Inn af þvotta-

stofan og sjónvarpsholið er eitt stórt opið rými, allt parketlagt þar sem eru flísar. Eldhúsið er vandað með eyju, granítborðplötum og tveimur uppþvottavélum. Tvö rúmgóð barnaherbergi með parketti og hjónaherbergi með skápum. Baðherbergið er flíslagt í hólfi og gólfi með baðkari og sturtuklefa og góðri innréttingu. Á baði er renna niður í þvottahús fyrir óhreina þvottinn.

Frá stofunni er gengið út á svalir sem snúa í suður. Eldhúsið, borð-

## FASTEIGNASALAN BÆR



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi  
Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali



### Viltu selja?

Mig vantar sárlega 3 - 4 herbergja íbúð í 101 Reykjavík.

Verður að hafa séringgang.

Vörður

Talaðu endilega við Auði í síma **824-7772**

eða audur@fasteignasalan.is

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir

Vísir þú að...



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

börn þig á rétt á að láta skoðunir sínar í ljósi og hafa áhrif

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Úlfarsbraut 48 - Nýtt 9 íbúða fjölbýlishús í sölu.



Bjartar og fallegar 92 m<sup>2</sup> til 113 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílakjallara við Úlfarsbraut 48 í Úlfarsfellsdalnum. Fallegt útsýni. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með eikarinnréttingum og gólfefnum. Flottur staður, leik- og grunnskóli er rétt við húsið. **Íbúðirnar eru lausar til afhendingar strax. Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 18:00 Verð frá 25,8 m.** 10332

### Fannafold - 112 Reykjavík



Mjög fallegt og vel skipulagt 195,7 m<sup>2</sup> endaraðhús við Fannafold 233 í Reykjavík. Góð staðsetning í útjarðri byggðar með fallegu útsýni. Eignin skiptist í forstofu, fjögur rúm-góð svefnherbergi, gestasalerni, baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús, eldhús, stofu, borð- og sjónvarpsstofu. Bílskúrinn er 32,3 m<sup>2</sup>. Tvær tímburverandir og gróinn falllegur garður. **V.49,7 m.**



**Hlégerði - 200 Kópavogur**  
Fallegt 154 m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt 39,4 m<sup>2</sup> tvöföldum bílskúr á fallegum útsýnisstað við Hlégerði 37A í Kópavogi. Húsið er teiknað af Jóni Haraldssyni, arkitekt árið 1988 og byggt árið 1989. Húsið er tengt eldra húsi á lóðinni með sólskála. Tvö svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og sólstofa á aðal hæð og stórt vinnurými og geymslu í kjallara. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 42,9 m.** 10318



**Klapparhlíð 1 - 50 ára og eldri**  
Mjög falleg 89,5 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri, ásamt bílastæði í bílakjallara við Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Þetta er vönduð íbúð í fallegu húsi. Stutt er í glæsilega inni- og útsundlaug og líkamsræktarstöð. Einnig er gólfvöllur stutt frá. **Glæsilegt útsýni. V. 25,9 m.** 10280



**Asparfell 8, íbúð 202 - 111 Reykjavík**  
Mjög falleg 111,6 m<sup>2</sup>, 4-5 herbergja íbúð á annari hæð í lyftuhúsi við Asparfell 8 í Reykjavík. Íbúðin er öll ný standsett! Ný gólfefni eru á allri íbúðinni. Ný eldhúsinrétting og tæki. Baðherbergin voru bæði endurnýjuð. Íbúðin er nýmáluð. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 20,6 m.** 10174



**Skeljatangi - 270 Mosfellsbær**  
3ja herbergja, 84,9 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð með sér inngangi í litlu fjölbýli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu innan íbúðarinnar. Við hlíð íbúðar er köld útgeymsla. Vinsæl staðsetning. **V. 22,5 m.** 10338

